# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

298. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 19. DESEMBER 2017





Flugvélar Icelandair máttu margar hverjar sætta sig við það að bíða átekta á Keflavíkurflugvelli á meðan rembihnútur er í kjaradeilu eigenda þeirra og flugvirkja sem starfa hjá félaginu. Verkfallið hefur áhrif á um tíu þúsund farþega félagsins daglega meðan á því stendur. Sáttafundi var ólokið í gærkvöldi þegar Fréttablaðið fór í prentun. Sjá síðu 4 FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Euro Market viðriðið glæpahringinn

**Grunur leikur á að verslunarfyrirtækið Market ehf. tengist umfangsmiklu sakamáli sem greint var frá á blaðamannafundi í gærdag og teygir anga sína til Íslands. Lögreglan fór í húsleitir í pólskum smávöruverslunum Euro Market, sem Market ehf. á, og haldlagði eignir.**

**LÖGREGLUMÁL** Talið er að verslunarfyrirtækið Market ehf., sem rekur pólskar smávöruverslanir undir nafninu Euro Market í Hamraborg 9, Stakkholti 2b og Smiðjuvegi 2, tengist umfangsmiklu máli alþjóðlegs glæpahrings sem teygir anga sína til Íslands, Póllands og Hollands og greint var frá á blaðamannafundi í gær. Farið var í húsleitir í verslunum fyrirtækisins og eignir haldlagðar. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins.

Líkt og fram kom á blaðamannafundi lögreglu í gær er málið gríðarlega umfangsmikið; snýst um innflutning og sölu á fíkniefnum, en einnig um fjársvik og peningaþvætti. Karl Steinar Valsson, fulltrúi hjá Europol, sagði í gær að þær eignir og reiðufé sem lagt var hald á í aðgerðunum hér á Íslandi séu samtals að virði um 200 milljónir íslenskra króna. Þá segir hann í samtali við blaðið að götuverðmæti eiturlyfjanna sem um ræðir slagi hátt í hálfan milljarð.

Eigendur Market ehf. eru Arkadiusz Niescier og Arkadiusz Maciej Latkowski.

Alls komu um 90 starfsmenn lögreglunnar og tollayfirvalda að aðgerðum hér á landi en farið var í samhæfðar aðgerðir á Íslandi, í Póllandi og Hollandi þann 12. desember síðastliðinn klukkan sex um morguninn. Fimm Pólverjar voru handteknir hér á landi, en þeir hafa búið á Íslandi um hríð.

Karl Steinar sagði í samtali við blaðið málið allt saman skýrasta dæmið um fjölþætta brotastarfsemi sem Íslendingar hafi staðið frammi fyrir.

Samkvæmt nýjasta ársreikningi Market ehf. jókst velta félagsins umtalsvert á milli ára, en hún var tæplega 250 milljónir króna árið 2015 en tæplega hálfur milljarður árið 2016. **– ósk**

## Fljótt að spyrjast út í Hollywood

**LÍFIÐ** Stóra endurgreiðslumálið vindur enn upp á sig því ein stærsta landkynning á nýju ári féll á menningarhlutanum. Þrítugasta þáttaröð af Amazing Race fer í loftið í Bandaríkjum þann þriðja janúar og mun ferðalagið hefjast hér á landi. On the Rocks Productions var bandaríska tökuliðinu innan handar en um 100 Íslendingar komu að tökunum. Pétur Sigurðsson hjá On the Rocks Productions sótti um endurgreiðslu á virðisaukaskattinum en eins og Kórar Íslands þótti efnið ekki nógu menningarlegt og féll á prófinu. „Ég fékk bréf frá CBS-sjónvarpsstöðinni sem gerir Amazing Race og það er mikil óánægja með þessa ákvörðun og þetta er fljótt að spyrjast út í Hollywood,“ segir Pétur.

**– bb /** **sjá síðu 34**

## Fréttablaðið í dag


**SPORT** Þórir Hergeirsson þjálfari Noregs segist vera stoltur af silfrinu á HM. 18

**LÍFIÐ** Skoðum nokkra eftirminnilegustu kjóla ársins 2017. 32

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015













## Veður




Það verður allhvöss suðvestanátt og éljagangur í dag, en bjartviðri norðaustan- og austanlands. Kólnar í veðri, hiti 0 til 4 stig eftir hádegi.
SJÁ SÍÐU 22

# Bjóða rjúpur til sölu á bland.is

**VERSLUN** Í það minnsta tvær auglýsingar þar sem gefið er til kynna að rjúpur séu til sölu er að finna á söluvefnum bland.is. Bannað er að selja rjúpur eða rjúpnaafurðir en veiðitímabilinu þetta árið lauk í nóvember. Annar notandinn auglýsir að rjúpur „vanti heimili“ en nánari upplýsingar fáist í einkaskilaboðum. Hinn auglýsir rjúpur til sölu með beinum hætti: „Vegna breyttra fyrirætlana um jólin eru tíu stykki rjúpur sem ég nýlega fjárfesti í til sölu,“ skrifar hann og óskar eftir tilboðum í fuglana.

Björn Þorláksson, upplýsingafulltrúi Umhverfisstofnunar, segir að stofnuninni hafi fram að þessu ekki borist neinar ábendingar af þessum toga þetta haustið. „Við höfum fyrri ár stundum fengið ábendingar og höfum þá vísað þeim málum til lögreglu, því það er hennar að framfylgja því að sölubannið sé virt. Við erum fyrst nú að sjá vegna ábendingar þinnar tengla á bland.is þar sem grunur kviknar um brot,“ segir hann.

Hann segir að fyrir virðist liggja að að minnsta kosti annar aðilinn hyggist bjóða upp á ólögleg viðskipti, þar sem tilboða sé óskað. „Alltaf þegar við fáum svona ábendingar bregðumst við við með því að senda málin til lögreglu og það verður gert í þessu tilviki,“ segir Björn.

Indriði Ragnar Grétarsson, formaður SKOTVÍS, segir að félaginu hafi ekki borist ábendingar um tilraunir til sölu á rjúpum í haust. Slík viðleitni hefur heldur ekki borist til eyrna lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. **– bg**



Rjúpur eru vinsæll kvöldverður á jólunum.

# Rausnarlegir krakkar í Árborg



„Við erum krökkunum ævinlega þakklát. Þau eru algjörir snillingar og færa mikla jólagleði inn í hjörtu okkar félagsmanna. Þetta er alveg yndislegt,“ segir Svanhildur Ólafsdóttir, formaður Krabbameinsfélags Árnessýslu, sem tók á móti 1.116.000 króna gjöf frá nemendum Sunnulækjarskóla á Selfossi í gær. Peningunum söfnuðu krakkarnir á góðgerðardegi skólans sem var haldinn í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS HLYNUR HREIÐARSSON

# Málskostnaður Sindra kærður til Hæstaréttar

**DÓMSMÁL** Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness í máli Sindra Sveinssonar gegn sýslumanninum á Norðurlandi eystra verður kærður áfram til Hæstaréttar.

Málið varðar árangurslaust fjárnám sem sýslumaðurinn gerði hjá Sindra vegna skuldar í tengslum við greiðslu málskostnaðar í markaðsmisnotkunarmáli Landsbankans. Sindri var dæmdur til að greiða málskostnað og laun verjanda síns, samtals rúmar 22 milljónir króna. Með úrskurði héraðsdóms var sú upphæð hins vegar lækkuð í tvær milljónir króna þar sem Sindri þótti ekki borgunarmaður fyrir upphæðinni.

Sýslumaður vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málið en segir þó að almennt sé afar sjaldgæft að á þessa heimild reyni. **– jóe**




LANDMANN Your World of BBQ Grillbúðin
Þráðlaus kjöthitamælir
Fyrir grill og ofna
VERÐ ÁÐUR 6.990
JÓLATILBOÐ
4.990
Skoðið nýja vefverslun www.grillbudin.is
Stilltu á tegund og steikingu
Mælirinn lætur þig vita þegar maturinn er tilbúinn
Opið alla daga til jóla
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400


# Íslenskt app hjálpar börnum að læra tónlist

**Rannsókn sem gerð var á notkun íslenska smáforritsins Mussila leiddi í ljós mikla gagnsemi þess í tónlistarkennslu. Börn sem notuðu forritið til viðbótar við hefðbundna tónlistarkennslu sýndu 20,2% aukinn skilning í tónfræði.**

**NÝSKÖPUN** Íslenska smáforritið Mussila, sem er hannað til þess að kenna börnum grunnatriði í tónlist í gegnum skapandi leik, hefur vakið mikla eftirtekt víða um heim. Nýleg rannsókn á smáforritinu gefur til kynna mikla gagnsemi þess. „Rannsóknin fór fram í Eistlandi og í Garðabæ,“ segir Margrét Júlíana Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Rosamosa sem framleiðir smáforritið.

Í rannsóknarverkefni sem var samstarfsverkefni grunnskóla í Garðabæ, þriggja skóla í Eistlandi og vefrannsóknafyrirtækisins Netlife Research í Noregi voru börn prófuð í tónfræði. Prófið hannaði Atli Ingólfsson, prófessor við Listaháskóla Íslands. „Atli hafði ekki séð leikina áður en hann bjó prófið til. Prófið var lagt fyrir 120 börn í Eistlandi á aldrinum 8-9 ára,“ segir Margrét Júlíana. Prófið var svo lagt aftur fyrir börnin þremur vikum seinna en þá hafði hópnum verið skipt í tvennt. Fyrri hópurinn fékk sömu meðaleinkunn og áður eða 58,9 af hundraði. Einkunn seinni hópsins var 20,2% hærri en sá hópur hafði nýtt Mussila-smáforritið til viðbótar við hefðbundna tónlistarkennslu.



Margrét Júlíana, framkvæmdastjóri Rosamosa, fylgir eftir hröðum uppgangi fyrirtækisins. Á í samstarfi um Mussila víða um heim. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Niðurstöðurnar styðja við markmið okkar, við viljum hjálpa börnum að læra í gegnum leik og það er mjög merkilegt að börnin sem notuðu Mussila leystu meira að segja betur úr spurningum um efni sem er ekki kennt í leikjunum. Skilningur barnanna varð dýpri og í víðara samhengi,“ segir Margrét Júlíana sem segir að í allri kennslu sé mikilvægt að virkja rökhugsun barnsins sjálfs.

Leikurinn hefur notið mikillar velgengni og hlotið lof gagnrýnenda. Hann hlaut meðal annars fimm stjörnu dóm í BBC Music Magazine. Þá var hann tilnefndur í Nordic Game Awards 2017. Fyrirtækið Rosamosi var tilnefnt fyrir hönd Íslands í Nordic Startup Awards. Í sumar gerði fyrirtækið samning við bresku leikfangakeðjuna Hamleys um þróun og dreifingu á tónlistarnámskeiðum og öðrum vörum sem byggja á leikjunum. Smáforritið hefur einnig vakið athygli í Kína.

„Þetta verða tónlistarnámskeið sem verða kennd í verslunum Hamleys. Við erum einnig komin í samstarf við verslanir í Kína,“ segir Margrét frá.

„Við stefnum að því að verða leiðandi vörumerki á sviði tónlistarefnis fyrir börn. Við viljum að það sé leikur að læra og því förum við í samstarf við fyrirtæki sem hafa sama markmið og við,“ segir Margrét Júlíana.

kristjanabjorg@frettabladid.is



ÖLL JÓLAVARA
20-70%
AFSLÁTTUR
JÓLAGJAFIRNAR
FÆRÐU Í RÚMFATALAGERNUM
ALLIR BORÐDÚKAR
35%
AFSLÁTTUR
SPARIÐ
5000
FULLT VERÐ: 19.950
14.950
OLIVER SKRIFBORÐSSTÓLL
Stóll með innbyggðri gaspumpu sem tryggir stiglausa hæðarstillingu. Hægt að rugga.
Litir: Svartur/rauður, svartur/blár og svartur/hvítur.
Vnr. 8880000858, 8880000859, 8880000830
KRONBORG OF DENMARK
Koddi
50 x 70 sm.
5.990
nú 4.995
SPARIÐ
7000
AF SÆNGUM
SÆNG NÚ VERÐ FRÁ:
9.990
ANDADÚNSÆNG
PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI
HREIN EFNI
FALKETIND ANDADÚNSÆNG
Notaleg og góð sæng fyllt með 90% af andadúni og 10% af andafiðri. Fylling: 750 gr. Sængin er saumuð í ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Þolir þvott við 60°C. Stærðir: 135 x 200 sm. 16.990 nú 9.990 135 x 220 sm. 18.990 nú 11.990 200 x 220 sm. 24.990 nú 17.990 Vnr. 4026150, 4026151, 4026185, 4226104
ÖLL BARNA-SÆNGURVER
25%
AFSLÁTTUR
40%
AFSLÁTTUR
BÓMULLARSATÍN
NÚ VERÐ FRÁ:
3.995
VALLSTA SÆNGURVERASETT
Gæðasængurverasett úr 100% bómullarsatíni. Stærðir:
140 x 200 sm. og 50 x 70 sm. 6.995 nú 3.995 140 x 220 sm. og 50 x 70 sm. 7.995 nú 4.797 200 x 220 sm. og 50 x 70 sm. 9.995 nú 5.997 Auka koddaver 50 x 70 sm. 1.295 nú 777
Vnr. 131-17-1063
ALLIR RAMMAR
25%
AFSLÁTTUR
HEJLSMINDE VEGGHILLUR
Með 1 hillu 1.995 nú 1.495
Með 3 hillum 3.995 nú 2.995
Vnr. 3620875, 3620876
25%
AFSLÁTTUR
NÚ VERÐ FRÁ:
1.495
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
GILDIR TIL 24.12

# Lífeindafræðingar orðið fyrir líkamstjóni vegna myglu

**HEILBRIGÐISMÁL** Í umsögn Félags lífeindafræðinga um fjárlagafrumvarp Bjarna Benediktssonar segir að „fjöldi lífeindafræðinga“ hafi nú þegar beðið skaða af störfum sínum í rannsóknarhúsi sex og sjö á Landspítalanum, þar sem starfsstöð lífeindafræðinga hafi um langa hríð verið til húsa. Í umsögninni er tekið fram að það sé gleðilegt og nauðsynlegt að Landspítalinn fái sérstakt framlag vegna viðhalds vegna myglu. Viðgerðin sé löngu tímabær og hún þoli ekki bið. Húsið hafi verið dæmt ónýtt vegna myglu.

„Fjöldi lífeindafræðinga hefur nú þegar beðið skaða af störfum sínum í húsnæðinu og er til skammar að ríkið skuli ekki taka ábyrgð á því tjóni sem starfsmenn verða fyrir en mygla er hvorki skilgreind sem atvinnusjúkdómur né fá starfsmenn nokkrar bætur fyrir það líkamstjón sem þeir hafa orðið fyrir vegna starfa sinna í ónýtu húsnæðinu,“ segir í umsögninni. Þar kemur fram að sumir þeirra eigi ekki afturkvæmt á vinnumarkað vegna þessa.

Fram kemur að 151 lífeindafræðingur starfi á Landspítalanum en að stjórn félagsins hafi lengi haft áhyggjur af nýliðun í stéttinni. Þar vegi launamál þungt. „Einn þáttur í lítilli nýliðun lífeindafræðinga á Landspítala er lág launasetning félagsmanna en skortur á fjármagni hefur helst staðið í vegi fyrir því að nauðsynlegar úrbætur verði gerðar þar til að laða að unga lífeindafræðinga sem fá mun betri kjör á almennum vinnumarkaði og eru auk þess eftirsóttir fagmenn,“ segir í umsögninni. Vonir félagsins standi til að hluti þessa 300 milljóna króna framlags til að efla mönnun í sjúkrahúsþjónustu verði nýtt til að bæta nýliðun lífeindafræðinga á Landspítalanum.

Í umsögninni segir einnig að æskilegt hefði verið að fjármunum hefði einnig verið ráðstafað til að ráðast í slíkt átak á öðrum vinnustöðum lífeindafræðinga; á Sjúkrahúsinu á Akureyri og heilbrigðisstofnunum víða á landsbyggðinni. **– bg**



**Lífeindafræðingar á samstöðufundi 2012. Skort hefur á nýliðun í stéttinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hæfnisnefnd enn ekki skilað

**STJÓRNSÝSLA** Dómnefnd um hæfni umsækjenda í starf héraðsdómara hefur ekki skilað umsögn sinni varðandi átta stöður héraðsdómara sem skipað verður í um áramót. Vonast er til að umsögnin liggi fyrir í vikulok.

Alls sótti 41 um stöðurnar átta sem lausar eru. Sjö stöður losnuðu eftir að sjö héraðsdómarar voru skipaðir við Landsrétt en hið nýja dómstig tekur til starfa um áramótin.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra er settur dómsmálaráðherra í málinu en Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra vék sæti í því.

Borgar Þór Einarsson, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, segir að nefndin hafi ekki skilað af sér. Umsækjendum hafi verið gefinn kostur á að koma að andmælum við frumálit nefndarinnar. Vonast sé til þess að endanlegt mat liggi fyrir áður en vikan er á enda enda stutt þar til nýtt ár gengur í garð. **– jóe**

## Átökin stóðu yfir í sjö mínútur

**DÓMSMÁL** Sveinn Gestur Tryggvason var í gær dæmdur til sex ára fangelsisvistar fyrir líkamsárás sem leiddi til dauða Arnars Jónssonar Aspar.

Sveinn Gestur neitaði því alfarið að hafa ráðist á Arnar að fyrra bragði og sagði Jón Trausta bera ábyrgð á mestum hluta áverkanna. Jón Trausti neitaði sök.

Í skýrslu réttarmeinafræðings kom fram að í blóði Arnars hefði fundist mikið magn amfetamíns sem og þunglyndislyfsins bupropion, en styrkur þess hafi verið við eitrunarmörk.

„Svo mikið magn þessa lyfs í blóði þýði að viðkomandi einstaklingur eigi á hættu að aukaverkanir lyfsins komi fram en þar á meðal sé mikill æsingur og æsingsóráð,“ segir í dómnum.

Í málinu lágu fyrir símaupplýsingar sem sýndu að átökin hefðu staðið í að minnsta kosti sjö mínútur. **– hh**

# Funduðu fram eftir kvöldi til að reyna að ná samkomulagi

**Fundur í kjaradeilu flugvirkja og Icelandair stóð langt fram á kvöld. Hljóðið í flugvirkjum fyrir fund var þungt. Kjaradeilur fleiri stétta í fluggeiranum eru komnar á borð Ríkissáttasemjara og samningar víða lausir. Áætlað að verkfallið hafi áhrif á 10 þúsund farþega daglega. Langar raðir mynduðust í Keflavík.**

**KJARAMÁL** Staðan í kjaradeilu flugvirkja og Icelandair var viðkvæm þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. Fundur deiluaðila hjá sáttasemjara hófst klukkan 16 í gær og stóð enn yfir undir lok kvölds. Þeir fundarmenn sem Fréttablaðið heyrði í sögðu að brugðið gæti til beggja vona en að menn hefðu fullan hug á að reyna að ljúka málinu fyrir dagrenningu.

Verkfall flugvirkja sem starfa hjá Icelandair hefur nú staðið yfir í rúma tvo sólarhringa. Sáttafundur í fyrrinótt reyndist árangurslaus en fundað var til klukkan fjögur um nótt. Engin formleg sáttatillaga hefur verið lögð fram af hálfu aðstoðarsáttasemjara. Yfirlýsing, þar sem slíkt var áréttað, var birt á heimasíðu embættisins í gær. Líkt og áður hefur komið fram stóð sáttafundur enn yfir í gærkvöld þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Flugfreyjufélag Íslands sem og Félag íslenskra atvinnuflugmanna sendu Flugvirkjafélagi Íslands stuðningsyfirlýsingu. Hljóðið í þeim flugvirkjum sem Fréttablaðið ræddi við var þungt vegna verkfallsbrota og óvæginnar umræðu í þeirra garð.

Sem stendur nær verkfallið aðeins til véla Icelandair enda gerir Flugvirkjafélagið sérstakan samning við hvert og eitt flugfélag. Samningar þess eru hins vegar flestir lausir um þessar mundir. Deilu félagsins og Icelandair var vísað til sáttasemjara í september og þann 3. nóvember var deilu þess og Air Atlanta vísað þangað líka. Þá eru samningar flugvirkja og WOW Air útrunnir og standa samningaviðræður yfir þó enn séu þær ekki komnar á borð sáttasemjara. Þá er við þetta að bæta að 16. október sl. var deilu Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Icelandair vísað til embættis Ríkissáttasemjara.



**Fulltrúar Icelandair og flugvirkja áður en fundur hófst í gær. Eftir það var fjölmiðlafólki vísað á dyr þar sem nærvera þess þótti hafa truflandi áhrif á fundarhöld. Fundarmenn vörðust allra frétta af gangi mála.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Flug Icelandair til og frá landinu hefur raskast umtalsvert sökum vinnustöðvunarinnar, meðal annars var öllum flugferðum í gær til og frá Ameríku aflýst og þúsundir farþega hafa þurft að bíða klukkustundum saman á Keflavíkurflugvelli til að fá leyst úr brottfararflækju sinni. Áætlað er að verkfallið hafi áhrif á 10 þúsund farþega dag hvern meðan það stendur yfir.

Eitthvað hefur verið um afbókanir hjá Icelandair vegna verkfallsins en ekki liggur fyrir hvort það hafi skilað sér til keppinauta félagsins.

„Það er háannatími í flugi rétt fyrir jólin. Sætanýting okkar er vel yfir níutíu prósent á flestum flugleiðum á þessum árstíma,“ segir Svana Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW Air.

„Við höfum séð að síðustu tvo daga hafa bókanir aukist lítillega en það er ekki mikið svigrúm til þess að bæta farþegum við þar sem það er nú þegar mikið bókað hjá félaginu. Við vonum að verkfallið leysist sem fyrst en þetta er mjög erfiður tími enda háannatími,“ segir Svana.

**johannoli@frettabladid.is**







HÚMOR, HLÝJA OG INNLIFUN

„... leiftrandi skemmtileg ... djúp og hreyfir við lesandanum.“
KRISTÍN HEIÐA KRISTINSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„Þessi líflega og skemmtilega saga er sérlega vel sögð.“
STEINGERÐUR STEINARSDÓTTIR / VIKAN

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | **www.forlagid.is**
Opið alla virka daga 10–19 | laugardaga 11–19




**Samsung**
**Galaxy Note8** 64 GB

**149.990 kr.** stgr.

Skautamiðar fyrir 2 fylgja!




**Samsung**
**Galaxy S8+** 64 GB

**109.990 kr.** stgr.

Skautamiðar fyrir 2 fylgja!




**Samsung**
**Galaxy S8** 64 GB

**99.990 kr.** stgr.

Skautamiðar fyrir 2 fylgja!

# Snilldarjól hjá Nova!




**Skautamiði**

**990 kr.** stgr.



**Beats Solo3 þráðlaus**

**32.990 kr.** stgr.



**Apple TV 4G** 32 GB

**29.990 kr.** stgr.

Apple TV 4K 64 GB **34.990 kr.**



**Snjallskógkassi**

**12.990 kr.** stgr.




**Bíókort** 5x í bíó

**4.690 kr.** stgr.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

## Kirkjumenn fá launahækkun

**KJARAMÁL** „Við erum búnir að vinna þetta eins vel og hægt er í hendurnar á kjararáði og erum mjög fegnir að það standi til að birta þennan úrskurð,“ segir Kristján Björnsson, formaður Prestafélags Íslands, um nýjan úrskurð kjararáðs um laun þeirra embættismanna sem heyra undir þjóðkirkjuna.

Úrskurður kjararáðs var felldur um helgina og verður birtur á vef ráðsins um miðja viku. Engar upplýsingar fást hjá meðlimum ráðsins um innihaldið. Einn kirkjunnar þjóna sem ekki vill koma fram undir nafni segir að ákvörðunin færi biskupi og vígslubiskupunum tveimur „verulegar hækkanir“.



**Kristján Björnsson, formaður Prestafélags Íslands.**

Aðspurður um þetta kveðst Kristján Björnsson ekki telja rétt að svara spurningum um úrskurðinn fyrr en kjararáð sjálft birtir hann. Um er að ræða biskupa, prófasta, presta og svo framvegis. Kristján segir presta ekki hafa fengið um sig sérstaka kjaraákvörðun frá árinu 2005 heldur aðeins fylgt almennum breytingum. Þeir hafi tekið á sig launalækkun eftir hrunið og ekki gert neinar kröfur nú heldur einungis gert kjararáði grein fyrir störfum sínum.

Ekki náðist í Agnesi M. Sigurðardóttur biskup og Kristján Val Gíslason, vígslubiskup í Skálholti, segist ekki hafa heyrt um niðurstöðu kjararáðs. – **gar**

## Reykfyllt herbergi



**Það varð uppi fótur og fit á albanska þinginu í gær þegar stjórnarandstöðuþingmenn sprengdu reyksprengju í þingsal. Verið var að ræða um tímabundna skipan ríkissaksóknara þegar íhaldsþingmenn smygluðu inn reyksprengju og sprengdu í mótmælaskyni við val sósíalistanna í ríkisstjórn.** NORDICPHOTOS/AFP








# Áhyggjur af kraftlitlum skoteldum mesti óþarfi

**Þótt stærstu terturnar hafi verið bannaðar heimilar íslensk reglugerð sölu á samsettum skottertum. Sambærilegar reglur gilda í Evrópu. Fulltrúi Landsbjargar segir að notendur muni engan mun finna. Búist við svipaðri sölu og í fyrra.**

**VERSLUN** „Sá sem skýtur þessu upp finnur engan mun,“ segir Jón Ingi Sigvaldason hjá Landsbjörg. Eftir níu daga hefst árleg flugeldasala björgunarsveitanna. Nýjar reglur hafa verið settar um flugelda en fyrir ári bárust fréttir af því að reglurnar hefðu í för með sér að kraftmestu bomburnar yrðu bannaðar um þessi áramót.

Jón Ingi segir að sú sé ekki raunin. Stóru skotterturnar, eins og þær voru samsettar áður, séu vissulega bannaðar en að íslensk reglugerð hafi tekið gildi þar sem samsettar kökur eru heimilaðar. Tuttugu og fjögurra kílóa skottertur séu núna samsettar af fjórum minni kökum, svo dæmi sé tekið. Jón Ingi segir að reglurnar sem gildi nú séu sams konar og hafi gilt í Evrópu undanfarin ár. Hann segir að á Íslandi undanfarin fjögur ár hafi allar skotterturnar verið CE-vottaðar, svo krafa Evrópusambandsins um CE-stöðlun breyti engu fyrir björgunarsveitirnar.

„Við erum komin á mjög eðlilegan stað, eins og Evrópa,“ segir Jón Ingi og heldur áfram: „Þessar áhyggjur í fyrra um að það yrðu ekkert nema stjörnuljós og blys voru alveg óþarfar,“ segir hann. Einn kveikiþráður sé á samsettu tertunum, eins og á hinum gömlu og viðskiptavinurinn finni engan mun. Krafturinn verði sá sami.

Jón Ingi segir að Landsbjörg búist við svipaðri sölu og í fyrra. Efnahagsástandið er með besta móti og Jón Ingi viðurkennir að það kæmi honum ekki á óvart ef salan yrði eitthvað meiri. „Það væri ekkert ólíklegt miðað við hvað það selst mikið af nýjum bílum,“ segir hann.



**Stóru bomburnar eru nú samsettar til að fylgja kröfum nýrra reglna um flugeldasölu sem tóku gildi hér á landi um síðustu áramót.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Flugeldasalan hefst 28. desember, venju samkvæmt. Jón Ingi segir að salan skipti björgunarsveitirnar öllu máli. „Við fjármögnum starfsemina með þessu og í sumum sveitunum koma 95% teknanna af flugeldasölunni,“ segir hann.

Landsbjörg stendur í ströngu þessa dagana við að koma flugeldunum á sölustaði, um land allt. Hann segir að hertar reglur um flutning flugelda innanbæjar hafi torveldað sveitunum, sem eru með fleiri en einn sölustað, dreifinguna en þá má ekki flytja í sendibílum nema bílarnir hafi til þess leyfi. Slíkir sendibílar séu ekki á hverju strái og því hafi sú leið verið farin að flytja flugelda á milli staða í gámum. Hann segir það mikið púsluspil að koma flugeldunum hingað heim og á rétta staði. „Við megum til dæmis bara nota eina höfn í Evrópu,“ segir hann og bætir við: „Ég er í tetris alla daga.“

Gamlársdagur er að þessu sinni á sunnudegi. Jón Ingi segir að þegar svo háttar til sé salan oft á tíðum meiri fyrstu dagana. Þeir sem ætli að bregða sér af bæ yfir helgi, til dæmis í sumarbústaði, séu oft snemma í því. „Ég býst við að það verði mikið að gera fyrri part sölutímabilsins,“ segir hann og bætir við: „Nú þurfum við bara smá snjó fyrir áramótin, svo það verði auðveldara að skjóta upp.“ **baldurg@frettabladid.i**




24

**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

**HAGKAUP**

*Meira* svona *alla daga*





Ekki er gert ráð fyrir að húsið Skálará í Elliðaárdal verði þar til frambúðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Framtíð Elliðaárdals kynnt eftir áramót

**Íbúar og hagsmunaaðilar munu fá að sjá nýja tillögu að skipulagi norðan Stekkjarbakka eftir áramót. Hætt hefur verið við að tvöfalda Stekkjarbakka líkt og ætlunin var því umferðaraukning um götuna reyndist minni en spáð var.**

**SKIPULAG** Byggingarmagn og nánari afmörkun á uppskiptingu lóða í Elliðaárdal er í vinnslu en tillaga að breyttu deiliskipulagi verður kynnt með formlegum hætti eftir áramót, samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg. Fallið hefur verið frá því að tvöfalda Stekkjarbakka eins og fyrirhugað var vegna þess að umferðaraukning um götuna reyndist minni en spár gerðu ráð fyrir.

Í síðustu viku var greint frá áformum um uppbyggingu stórs gróðurhúss norðan Stekkjarbakka. Samkvæmt upplýsingum frá borginni er líklegt að Skálará, gamalt hús á vegum Félagsbústaða þar sem kanínur og andfuglar hafa gert sig heimakomin, standi utan skipulagssvæðisins þar sem gróðurhúsið fær lóð. Af gögnum, sem birt voru á vef borgarinnar fyrir síðustu helgi, kom fram að húsið yrði innan skipulagssvæðisins sem verið er að hanna. Björn Ingi Edvardsson, landslagsarkitekt á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur, segir að upphaflega hafi staðið til að bæði húsið og umferðargatan Stekkjarbakki yrðu innan skipulagsins en útlit sé fyrir að það muni breytast.

> Ekki er því útlit fyrir að hróflað verði við Skálará á grundvelli deiliskipulagsins, þótt aðkoman að húsinu geti breyst.

Ekki er því útlit fyrir að hróflað verði við Skálará á grundvelli deiliskipulagsins, þótt aðkoman að húsinu geti breyst. Hins vegar bendir Björn Ingi á að gildandi aðalskipulag geri ráð fyrir að allar byggingar á svæðinu muni víkja, ef Gilsbakki, hús sem reist var var 1942, er undanskilinn. Skipulagstillagan sem nú er í vinnslu mun taka tillit til þess.

Skálará mun þannig víkja með tíð og tíma en það er undir eiganda lóðarinnar og hússins komið, borginni, hvenær það verður. „Miðað við fyrirliggjandi drög þá er ekki gert ráð fyrir neinni uppbyggingu við Stekkjarbakka 1, Skálará," segir Björn Ingi í svari til Fréttablaðsins.

Í fornleifa- og húsakönnun á svæðinu norðan Stekkjarbakka í Elliðaárdal kemur fram að Þorvarður Björnsson yfirhafnsögumaður hafi byggt húsið Skálará sem sumarbústað árið 1932. Þá var húsið miklu minna en það er í dag, enda hefur margoft verið byggt við það. Í skýrslunni kemur fram að húsið hafi gildi fyrir sögu óskipulagðrar íbúabyggðar á svæðinu, sem nú sé að mestu horfin. Þó er ekki gerð tillaga að sérstökum verndunarákvæðum fyrir húsið, þótt það hafi gildi fyrir sögu svæðisins.

baldurg@frettabladid.is

# Vísa ásökunum um bellibrögð á bug

**VIÐSKIPTI** Isavia vísar því á bug að fyrirtækið beiti bellibrögðum í samkeppni við bílastæðafyrirtækið BaseParking á Suðurnesjum en síðarnefnda fyrirtækið hefur kvartað til Samkeppniseftirlitsins og sakað Isavia um að nýta sér markaðsráðandi stöðu sína og aflsmuni til að leggja stein í götu fyrirtækisins.

Isavia hefur ekki fengið umrædda kvörtun í sínar hendur og getur því ekki tjáð sig um efni hennar. Fréttablaðið sagði frá því í gær að fyrirtækið teldi Isavia vera farið að veita sambærilega þjónustu og það hafi boðið upp á til að koma höggi á það og að Isavia hafi sektað fyrirtækið fyrir að nýta sér sleppistæði við flugvöllinn í mjög skamman tíma.

„Isavia hefur um árabil boðið upp á þá þjónustu að leggja bifreiðum fyrir farþega og ekki um neina nýbreytni að ræða. Þjónusta sem þessi hefur verið í boði með einhverjum hætti frá 2008 eða í tæp 10 ár," segir Guðjón Helgason, upplýsingafulltrúi Isavia, og segir ennfremur að allir fái sektir fyrir að nýta sér aðstöðu sem ekki er hugsuð sem bílastæði.


Saka Isavia um að nýta sér markaðsráðandi stöðu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„BaseParking fékk sekt fyrir að leggja í sleppistæði við flugstöðina. Þau eru hugsuð til þess að hleypa farþegum út en ekki til þess að leggja bifreiðum. Það kemur skýrt fram á skiltum að óheimilt sé að leggja bifreiðum á þessum stað og að viðurlög séu sektir. Allir þeir sem nota þessi stæði í annað en að hleypa út farþegum eru sektaðir," segir Guðjón. – sa

NÝR DISCOVERY

# FJÖLHÆFASTI JEPPINN OKKAR

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND




Nýr Discovery er hæfari og öflugri en nokkru sinni fyrr. Discovery er nú í fyrsta sinn með yfirbyggingu úr áli sem gerir hann 490 kg léttari. Hæfni við erfiðar aðstæður hefur verið aukin með endurbættu Terrain Response drifkerfi og loftpúðafjöðrun sem gerir ökumanni kleift að hækka bílinn upp og ná allt að 28,3 cm veghæð og 90 cm vaðhæð sem er alger sérstaða í þessum flokki bíla.

Hátt og lágt drif er staðalbúnaður í SDV4 og TDV6 gerðunum. Auk ríkulegs staðalbúnaðar er hægt að fá sæti fyrir 7 manns. Innréttingin í nýjum Discovery er endurhönnuð frá grunni og í algerum sérflokki hvað varðar útlit og áferð. Verið velkomin í reynsluakstur því sjón er sögu ríkari.

| | |
|---|---|
| Discovery TD4 S, sjálfskiptur dísil, 180 hestöfl, eyðsla 6,3 l/100 km | Verð: 9.390.000 kr. |
| Discovery SD4 S, sjálfskiptur dísil, 240 hestöfl, eyðsla 6,5 l/100 km | Verð: 10.090.000 kr. |
| Discovery TDV6 SE, sjálfskiptur dísil, 258 hestöfl, eyðsla 7,2 l/100 km | Verð: 11.590.000 kr. |

ENNEMM / SÍA / NM85018

www.landrover.is

VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

## Spjaldtölvuvæðing á Þórshöfn

**FRÆÐSLUMÁL** Nemendur 5. til 10. bekkjar og allir kennarar í Grunnskólanum á Þórshöfn fá spjaldtölvur frá Langanesbyggð samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar Langanesbyggðar.



„Einnig verði unnið að fræðslu kennara í möguleikum er varða tölvur, forrit, fjarvinnu og annað sem spjaldtölvunotkun tilheyrir,“ segir í tillögunni sem samþykkt var. Bæta á fjórum milljónum króna við fjárhagsáætlun grunnskólans fyrir næsta ár vegna þessa. „Formleg innleiðing skal hefjast svo fljótt sem verða má, en ekki síðar en haustið 2018.“ **– gar**

**Innleiðing hefst ekki síðar en haustið 2018.**




# Áhugi fjárfesta á að nýta jarðvarma eykst

**Bill Gates, einn þekktasti fjárfestir í heimi, er byrjaður að fjárfesta í jarðvarmaverkefnum. Íslenskur fjárfestir telur áhugann á slíkri fjárfestingu eiga eftir að aukast. Helstu vísindamenn og verkfræðingar á sviðinu eru Íslendingar.**

**VIÐSKIPTI** Aukinn áhugi stórra alþjóðlegra fjárfesta á að fjárfesta í jarðvarmaverkefnum getur skapað mikil tækifæri fyrir Íslendinga, að mati Gísla Haukssonar, stjórnarformanns GAMMA. Einn þekktasti fjárfestir í heimi, Bill Gates, hefur stofnað sjóð sem mun fjárfesta í slíkum verkefnum.

„Notkun jarðvarma á heimsvísu er undir einu prósenti af orku sem við notum, þrátt fyrir vitneskju um mikla nýtanlega jarðvarmaorku víðs vegar um heiminn. Ástæðan fyrir þessu lága nýtingarhlutfalli er tvíþætt; annars vegar voru framfarir í bortækni, að geta borað nógu djúpt, hægfara en mikil breyting er að verða þar á nú. Hins vegar er meiri óvissa á undirbúningsstigi þegar verið er að leita að nýtanlegum jarðvarma samanborið við aðra orkukosti. Margar dýrar tilraunaboranir þarf til að finna orkuna en þegar hún finnst er nýting hennar hlutfallslega ódýrari en aðrir orkukostir, og stöðug,“ segir Gísli.

„Um leið og þú veist að það er nýtanlegt heitt vatn og gufa sem getur knúið túrbínu eða hitað hús dregur hratt úr áhættu verkefnisins. Óvissan er mest á fyrsta stiginu,“ segir Gísli til útskýringar. Hann segir að á allra síðustu árum hafi stórir alþjóðlegir sjóðir, sem eru yfirleitt með einum eða öðrum hætti fjármagnaðir af hinu opinbera, komið að rannsóknum á jarðhitasvæðum á fyrstu stigum. Þetta séu áhættusamar fjárfestingar. Það hafi mikla þýðingu að Bill Gates sé farinn að fjárfesta á þessu sviði, því reynslan sýni að aðrir öflugir fjárfestar feti jafnan í fótspor hans.

„Þegar fjármögnun rannsókna á þessu sviði er ekki bara á hendi opinberra stofnana heldur jafnframt fjársterkra einkaaðila opnast tækifæri fyrir hefðbundna fjárfesta, lífeyrissjóði, tryggingafélög og aðra til að fjárfesta í jarðvarmaverkefnum,“ segir Gísli. Þessi áherslubreyting feli í sér að draga úr áhættu í þessum fjárfestingum. Gísli bendir á að því hafi verið spáð að eftir tíu ár verði jarðvarminn jafn mikið nýttur og sólarorkan er í dag. Þetta hafi mikla þýðingu fyrir Ísland.

„Heimurinn er í fyrsta lagi að átta sig betur á mikilvægi jarðvarma í aukinni nýtingu endurnýjanlegrar orku í framtíðinni og hversu hagkvæm tæknin er. En ekki nóg með það heldur eru margir helstu vísindamenn og verkfræðingar í jarðvarmatækni Íslendingar, sem annaðhvort starfa á Íslandi eða fyrir íslensk fyrirtæki erlendis. Íslendingar eru mjög framarlega í þessum geira,“ segir hann. **jonhakon@frettabladid.is**



**Gísli Hauksson forstjóri Gamma, segir miklu máli skipta að Bill Gates sé farinn að fjárfesta í jarðvarmaverkefnum. Aðrir muni fylgja á eftir.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Fjármagna tilraunaboranir í Suður-Ameríku

GAMMA Capital Management er í samstarfi á sviði jarðvarmafjárfestinga við Interlink Capital Strategies, bandarískt ráðgjafarfyrirtæki sem sérhæfir sig í fjármögnun og viðskiptaþróun í nýmarkaðsríkjum.

Samstarfið felur í sér rekstur þróunarsjóðsins Geothermal Development Facility, sem veitir styrki til jarðvarmaverkefna í Suður-Ameríku. Sjóðurinn er að mestu fjármagnaður af þýska þróunarbankanum KfW í samstarfi við Evrópusambandið.

Markmið sjóðsins er að fjármagna yfirborðskönnun og tilraunaboranir í Suður-Ameríku.




## Markaðsstofum tryggt stóraukið fé í fjárlögum

**FJÁRLÖG** „Rekstrarfé til Markaðsstofanna verður 91 milljón en ekki 80 eins og stendur í fjárlagafrumvarpinu nú. Annað stóð aldrei til og markaðsstofum landshlutanna því tryggt þetta fjármagn,“ segir Elías Gíslason ferðamálastjóri.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að breyting hefði orðið í fjárlagafrumvarpi Bjarna Benediktssonar frá frumvarpi Benedikts Jóhannessonar á þá leið að fé til markaðsstofa landshlutanna í ferðaþjónustu færi úr 91 milljón niður í 80 milljónir. Ljóst er að þær breytingar eru ekki réttar og verður þessu kippt í liðinn fyrir aðra umræðu fjárlaga í þinginu.

„Það sem meira er, að þarna er verið að semja til þriggja ára svo markaðsstofurnar eru að fá um 160 milljónir króna árlega frá okkur og hinu opinbera þannig að hér er um verulega aukningu að ræða. Það fara allir glaðir frá borði og rekstrargrundvöllur markaðsstofanna styrkist verulega frá því sem nú er,“ segir Elías.

Markaðsstofur landshlutanna vinna náið með fyrirtækjum og sveitarfélögum í því að markaðssetja sín svæði sem ákjósanleg ferðaþjónustusvæði. Mikilvægt er að margra mati að auka veg ferðaþjónustunnar um allt land og dreifa ferðamönnum sem víðast til að nýta þær fjárfestingar sem til eru á landsbyggðinni til ferðaþjónustu. Því er hér um mikilvægt skref að ræða til að efla markaðsstofurnar enn frekar. **– sa**

**91**

**milljón mun stofnunin fá samkvæmt frumvarpi til fjárlaga.**




**KYNNINGAR TILBOÐ**
**ALLT AÐ 558.000 KR. AFSLÁTTUR!**

**PEUGEOT HEFUR SLEGIÐ Í GEGN HJÁ ÍSLENDINGUM OG NÚ KYNNUM VIÐ PEUGEOT SENDIBÍLA TIL LEIKS OG BJÓÐUM ÞÁ Á EINSTÖKU KYNNINGARTILBOÐI. PEUGEOT SENDIBÍLAR ERU BEST BÚNU SENDIBÍLARNIR OG FÁST Í TVEIMUR GERÐUM, EXPERT OG PARTNER.**

**PEUGEOT EXPERT VAN**
• Bakkmyndavél með nálægðarskynjara • Blindpunktsviðvörun • Grip Control spólvörn
• Fæst í þremur lengdum • Flytur allt að 4 m langa hluti • 7“ snertiskjár með Bluetooth

**PEUGEOT PARTNER**
• Bakkmyndavél með nálægðarskynjara • 850 kg burðargeta • 3,3 m³ hleðslurými
• Sveigjanlegt flutningsrými • 7“ snertiskjár með Bluetooth

KOMDU OG KEYRÐU PEUGEOT SENDIBÍLA

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

## Tugir létust í hörðum átökum þjóðflokka

**EÞÍÓPÍA** Að minnsta kosti 61 hefur látist í átökum Sómala og Oroma-fólks í Eþíópíu. Frá þessu greindu þarlend yfirvöld í gær en óljóst er hvað veldur þessari nýju hrinu átaka þjóðflokkanna.

Reuters greindi frá því í gær að átökin hefðu brotist út þegar hermenn skutu sextán úr þjóðflokki Oroma-fólks til bana við mótmæli á þriðjudaginn í síðustu viku. Adisu Arega, ríkisstjóri Oromiu í Eþíópíu, sagði á Facebook í gær að alls 29 Oromar hefðu verið drepnir á milli 14. og 17. desember í átökum og 32 Sómalar hefðu verið drepnir í hefndarskyni.

Héruð Oroma-fólks og Sómala í Eþíópíu liggja hlið við hlið. Í gegnum tíðina hafa átök þjóðflokkanna verið tíð og segir BBC að einkum hafi verið barist um beitiland. **– þea**

**61**

**hið minnsta hefur látist í átökum á milli Sómala og Oroma-fólks.**

# Hert útlendingalöggjöf efst á dagskrá nýrrar ríkisstjórnar

**Sebastian Kurz er orðinn kanslari Austurríkis. Þjóðernishyggjuflokkar í ríkisstjórn. Annar þeirra stofnaður af nasistum. Hörð mótmæli voru fyrir utan Hofburg-höll á meðan ríkisstjórnin tók við völdum. Á dagskrá er að herða reglur um móttöku flóttafólks og hælisleitenda. Flokkarnir hafa ríflegan meirihluta á þinginu.**

**AUSTURRÍKI** Samsteypustjórn Frelsisflokksins og Þjóðarflokksins í Austurríki tók við völdum í gær. Hinn 31 árs gamli Sebastian Kurz er því orðinn kanslari og þar með yngsti þjóðarleiðtogi álfunnar, og þótt víðar væri leitað. Á dagskrá hinnar nýju stjórnar er meðal annars að herða útlendingalöggjöf.

Þjóðarflokkurinn fékk flest atkvæði í nýafstöðnum kosningum og uppskar 62 þingsæti af 183. Því er Kurz, formaður flokksins, í forsvari fyrir hina nýju ríkisstjórn. Frelsisflokkurinn undir forystu Heinz-Christian Strache, fékk hins vegar 51 sæti og því hafa flokkarnir ríflegan meirihluta á þinginu saman.

Ríkisstjórnin hafði þó ekki verið sekúndu við völd áður en fyrstu mótmælin gegn henni hófust. Stjórnarandstæðingar höfðu fylkt liði fyrir utan Hofburg-höllina í Vín og létu vel í sér heyra á meðan ríkisstjórn Kurz tók við. Um 6.000 mótmælendur voru á svæðinu og var fyrirhuguðum breytingum á útlendingalöggjöf sem og umdeildri sögu Frelsisflokksins mótmælt.



Sebastian Kurz og Heinz-Christian Strache í Hofburg-höll í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Báðir eru flokkarnir þjóðernishyggjuflokkar en Kurz beitti þeirri hugmyndafræði óspart í kosningabaráttunni fyrr á árinu. Þótti Frelsisflokksmönnum hann til að mynda vera að stela stefnumálum sínum. Frelsisflokkurinn er mun rótgrónari í þjóðernishyggju sinni en fyrsti leiðtogi flokksins, Anton Reinthaller, var landbúnaðarráðherra nasista og SS-liði. Þá var flokkurinn einnig stofnaður af nasistum.

Tengingin við nasisma innan Frelsisflokksins dó þó ekki út með Reinthaller, langt í frá. Jörg Haider, sem tók við formannssætinu 1986, sagði til að mynda í kosningabaráttunni árið 1990 að ýmislegt hefði verið með ágætum í Þýskalandi nasismans, til að mynda atvinnumálin.

Frelsisflokkurinn hefur einu sinni áður verið í ríkisstjórn. Það var árið 2000. Voru viðbrögð alþjóðasamfélagsins þá harkaleg og greinir BBC frá því að Austurríkismenn hafi upplifað sig einangraða í Evrópu. Viðbrögðin nú séu hins vegar daufari.

Á meðal þess sem ríkisstjórn Kurz ætlar að beita sér fyrir er að við komu hælisleitenda til Austurríkis verði allt fé tekið af þeim við hælisumsóknina svo hægt sé að fjármagna aðstoð til þeirra. Einnig verða símar hælisleitenda og flóttamanna teknir af þeim svo hægt sé að rekja ferðir þeirra til Austurríkis og hverja þeir hafi átt í samskiptum við. Símarnir verði ekki gerðir varanlega upptækir heldur skoðaðir með reglulegu millibili.

> **Flóttamenn sem hafa hvorki unnið stakan vinnudag né greitt til velferðarkerfisins munu ekki lengur fá þúsundir evra í bætur.**
>
> Heinz-Christian Strache, formaður Frelsisflokksins

Trúnaðarskylda lækna gagnvart flóttamönnum verður einnig takmörkuð. Þá verður mökum flóttamanna sem eiga í fjölkvænis- eða þvinguðu hjónabandi ekki heimilt að koma til Austurríkis.

„Flóttamenn sem hafa hvorki unnið stakan vinnudag né greitt til velferðarkerfisins munu ekki lengur fá þúsundir evra í bætur. Við þetta loforð sitt hefur Frelsisflokkurinn staðið,“ sagði Strache á Facebook í gær.

Tveir af valdamestu ráðherrastólum ríkisstjórnarinnar féllu Frelsisflokknum í skaut. Þannig verður Herbert Kickl, sem var ræðuhöfundur fyrir Jörg Haider, innanríkisráðherra og hin átttyngda Karin Kneissl, fyrrverandi starfsmaður utanríkisráðuneytisins, verður utanríkisráðherra. **thorgnyr@frettabladid.is**






## Vilja ekki að Franken segi af sér

**BANDARÍKIN** Að minnsta kosti fjórir öldungadeildarþingmenn Demókrata í Bandaríkjunum hafa hvatt Al Franken, fráfarandi öldungadeildarþingmann, til að draga afsögn sína til baka. Tvær vikur eru liðnar frá því að Franken tilkynnti um afsögn sína eftir að hann hafði gengist við ásökunum um kynferðislega áreitni. Frá þessu greindi Politico í gær.

Joe Manchin, samflokksmaður Frankens, hefur verið einna háværastur um málið. Í viðtali við Politico í gær sagði hann framkomu Demókrata í garð Frankens hneykslanlega. „Þetta er mesta hræsni sem ég hef séð nokkurn sýna annarri manneskju. Að hafa það í sér að sitja og hlusta á hann tilkynna um afsögnina og fara svo til hans og faðma hann. Mér verður illt af því að hugsa um þetta,“ sagði Manchin.

Sagði Manchin enn fremur að Franken sjálfur hefði viljað undirgangast rannsókn siðanefndar og taka svo ákvörðun byggða á niðurstöðunni. Við það ætti hann að standa, óháð þrýstingi frá öðrum Demókrötum. **– þea**



Al Franken. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ford TRANSIT




**TILBOÐSVERÐ**
FORD TRANSIT **CONNECT**
FRÁ **1.895.000** KR. ÁN VSK
2.350.000 KR. MEÐ VSK
**FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**

**TILBOÐSVERÐ**
FORD TRANSIT **CUSTOM**
FRÁ **2.855.000** KR. ÁN VSK
3.540.000 KR. MEÐ VSK
**FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**

**TILBOÐSVERÐ**
FORD TRANSIT **VAN**
FRÁ **3.705.000** KR. ÁN VSK
4.595.000 KR. MEÐ VSK
**FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**
**FÁANLEGUR MEÐ FJÓRHJÓLADRIFI**

# DESEMBERTILBOÐ!

Transit eigendur hafa í áratugi sett traust sitt á styrk, virkni og áreiðanleika Ford sendibíla. Þeir hafa fengið fjölda verðlauna enda vinnuþjarkar, sparneytnir og þekktir fyrir lága bilanatíðni. Í fyrra var Ford Transit mest seldi sendibíll í heimi.

Transit er ríkulega búinn m.a. með Bluetooth, olíumiðstöð með tímastillingu (alltaf heitir á morgnana), spólvörn, brekkubremsu og aksturstölvu.

Brimborg leggur mikla áherslu á framúrskarandi þjónustu við Transit eigendur enda leggja þeir traust sitt á sendibíla frá Ford.

**200.000 kr. AFSLÁTTUR + FRÍ VETRADEKK**

***GILDIR TIL 22. DESEMBER***
***EKKI MISSA AF ÞESSU!***

***Ford er frábær!***
***Komdu í Brimborg og tryggðu þér Transit sendibíl á enn betra verði!***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Flug lækkað



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Verkfall flugvirkja hjá Icelandair hefur nú þegar raskað áætlunum þúsunda farþega og tugum ferða hefur verið aflýst. Örtröð hefur skapast hjá Icelandair á Keflavíkurflugvelli, þar sem örþreyttir ferðalangar hafa reynt að fá úrlausn.

Gríðarlegt álag hefur verið á þjónustuveri flugfélagsins vegna innhringinga frá farþegum. Kvörtunum hefur rignt inn á samfélagsmiðla fyrirtækisins. Um tíma var álagið svo mikið að símkerfið lá niðri. Ferðamenn hafa eins og gefur að skilja borið sig illa undan skorti á upplýsingum. Sumir hafa talað um hreina vanrækslu.

Verð hlutabréfa í Icelandair lækkaði um tvö prósent í gær. Skyldi engan undra í ljósi ringulreiðar síðustu tveggja daga.

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, hefur miklar áhyggjur af stöðunni, eins og fram kom á Bylgjunni í gær. Hún segir óþolandi að svona verkföll eigi sér stað á nokkurra mánaða fresti.

Hún benti á, að undanfarin sjö ár hefði fjórtán sinnum verið boðað til verkfalla, sem tengjast flugi til og frá landinu. Að meðaltali hefur því verið boðað til verkfalls á þessum sjö árum á sex mánaða fresti. Flugvirkjar hafa frá árinu 2009 boðað til verkfalls að meðaltali á eins og hálfs árs fresti.

Verkfall, eins og þetta, er ekki einkamál þeirra sem deila. Það hefur keðjuverkandi áhrif út um samfélagið. Traust glatast og orðspor lands og þjóðar bíður hnekki. Fjöldi fólks, sem ekkert hefur um deiluna að segja, bíður fjárhagslegt tjón.

Ferðaþjónustan er burðarás í efnahagslífinu. Árið 2015 komu hingað til lands um 1,3 milljónir ferðamanna, sem var um 30 prósenta fjölgun frá árinu áður. Í fyrra voru ferðamennirnir um 1,8 milljónir, um 40 prósenta fjölgun frá fyrra ári. Og í ár er reiknað með að ferðamennirnir verði rúmlega tvær milljónir. Aldamótaárið komu hingað um 300 þúsund ferðamenn. Talan hefur um það bil sjöfaldast frá aldamótum.

Gjaldeyristekjur af ferðaþjónustunni á síðasta ári voru tæpir 500 milljarðar króna eða nálægt einum og hálfum milljarði á dag. Þá eru ónefnd alls konar óbein áhrif.

Þetta snýst ekki bara um peninga heldur öryggi fólksins – samgöngur til og frá eyríki sem er gersamlega háð því að fólk komist hnökralaust landa á milli.

Ef ein stétt á rétt á 20 prósenta launahækkun á einu bretti er greinilegt að Icelandair, sem greiðir launin, hefur látið reka á reiðanum – nema kröfur flugvirkja séu út úr kortinu. Hér er ekki dómur lagður á það því sjaldan liggur sökin bara hjá öðrum deiluaðilanum. En stór stökk hafa áhrif á allan launamarkaðinn og geta kallað yfir okkur kollsteypur. Tal um að umsamdar launahækkanir á almenna markaðnum á næsta ári verði þrjú prósent hljómar afar óraunsætt í þessu ljósi.

Það er nauðsynlegt að tryggja hér stöðugt rekstrarumhverfi til lengri tíma. Ljóst er, að vinnustaðalíkanið, sem unnið er eftir, gengur ekki upp.

> **Ef ein stétt á rétt 20 prósenta launahækkun á einu bretti er greinilegt að Icelandair, sem greiðir launin, hefur látið reka á reiðanum – nema kröfur flugvirkja séu út úr kortinu.**

gæði – þekking – þjónusta

FÆRIBANDAVOGIR - RANNSÓKNAVOGIR - IÐNAÐARVOGIR - SMÁVOGIR
VERÐÚTREIKNINGSVOGIR - FITUMÆLINGAVOGIR - KRÓKAVOGIR
BAÐVOGIR - BARNAVOGIR - GÓLFVOGIR - LÍMMIÐAVOGIR

TALNINGAVOGIR

Mikið úrval
af talningavogum, sem einfalda
talningu á smáhlutum



GOTT VERÐ
CELY PC-50 talningavog
Áður 57.109,- NÚ 45.688,-

pmt
PLAST, MIÐAR & TÆKI

Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

## Halldór




## Frá degi til dags

**Jólin**

**Veðurstofan spáir góðum líkum á hvítum jólum hér á landi. Frá því var greint í gær. En ekki er víst að allir komist til landsins til að fagna jólunum með fjölskyldunni í tæka tíð vegna verkfalls flugvirkja hjá Icelandair. Þegar þetta var skrifað virtist að minnsta kosti ekkert benda til þess að það drægi saman með samningsaðilum. Verkföll eru rótgróið verkfæri vinnandi fólks til að berjast fyrir bættum kjörum og oftar en ekki hafa landsmenn samúð með þeim stéttum sem því verkfæri beita. Sú virðist ekki raunin nú, enda verkfallið á versta tíma. „Trúi því ekki að þið séuð að fara að eyðileggja jólin okkar,“ stóð í einum ummælum við frétt Vísis frá því í gær.**

**Ofbeldi**

**Fréttablaðið greindi frá því í gær að sveitarstjórar á Vestfjörðum fögnuðu umræðu um kynbundið ofbeldi. Það þykir þeim sem hér heldur um penna gott viðhorf. Það er nauðsynlegt að horfast í augu við vandamálin í stað þess að líta fram hjá þeim. Vonandi mun #MeToo bylting hugrakkra kvenna verða til þess að útrýma því samfélagsmeini sem kynbundið ofbeldi og kynferðisleg áreitni er.**

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Langþráður áfangi í þjónustu við fatlað fólk í augsýn



Ásmundur Einar Daðason
félags- og jafnréttismálaráðherra

Aukið frelsi, betri möguleikar til að ráða lífi sínu, stóraukin tækifæri til sjálfstæðs lífs og til virkrar þátttöku í samfélaginu, þetta eru þau einkunnarorð sem fatlað fólk sem reynt hefur, gefur NPA-þjónustuforminu, þ.e. notendastýrðri persónulegri aðstoð.

Í ljósi þess hve NPA skiptir fatlað fólk miklu máli og hve lengi fólk hefur beðið þess að NPA verði hluti af sjálfsagðri þjónustu við fatlaða sem uppfylla skilyrði til að njóta hennar er það afar ánægjulegt fyrir mig að fyrstu frumvörp mín sem ráðherra félagsmála snúa einmitt að þessu.

Um nýliðna helgi lagði ég fram á Alþingi frumvarp til nýrra heildarlaga sem kveða á um þjónustu við fatlað fólk sem þarf á miklum stuðningi að halda og frumvarp um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að lögfesting NPA á grundvelli þessara frumvarpa geti tekið gildi um mitt næsta ár. Til að brúa bilið lagði ég einnig fram frumvörp sem eiga að tryggja að unnt verði að veita NPA-þjónustu á grundvelli samninga fram að gildistöku heildarlaganna. Áherslan á NPA birtist einnig í fjárlagafrumvarpinu þar sem framlög til þjónustunnar eru aukin um 70 milljónir króna sem gerir kleift að fjölga samningum úr 55 á þessu ári í 80 samninga árið 2018.

Þessi frumvörp eru nú komin til umfjöllunar í velferðarnefnd Alþingis. Þar er ég viss um að nefndarmenn taki höndum saman um að leiða þetta mikilvæga mál til lykta, hratt og örugglega í góðu samstarfi við helstu hagsmunaaðila og þvert á stjórnmálaflokka. Þetta er ekki aðeins mikilvægt hagsmunamál fatlaðs fólks, þetta er mál sem snýst um mannréttindi og að við sýnum í verki vilja okkar til að stuðla að jöfnum tækifærum fatlaðs fólks og ófatlaðra í samfélaginu eins og kostur er.

> **Þetta er ekki aðeins mikilvægt hagsmunamál fatlaðs fólks, þetta er mál sem snýst um mannréttindi.**

FRÉTTABLAÐIÐ ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is ADSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kjartan Hreinn Njálssson kjaranh@frettabladid.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Ofurtölva buffar fartölvu

**Í DAG**



Pawel Bartoszek

Ég vil ekki gera lítið úr árangri starfsmanna Google og forrits þeirra Alpha Zero sem, að þeirra sögn, kenndi sjálfu sér að tefla í fjóra tíma og rústaði svo besta skákforriti heims. Liðið hjá Google var örugglega að gera eitthvað sniðugt. Markaðnum fannst það allavega sniðugt og hlutabréf fyrirtækisins tóku góðan kipp í kjölfarið.

Þótt það sé vissulega frískandi að sjá PR-herferðir stórfyrirtækja vera drifnar áfram af árangri í nördaskap þá má ekki gleyma því þetta er samt PR-herferð. Og ekki sú fyrsta þar sem notast er við skák. Fyrir 20 árum sigraði tölvan „Deep Blue“ frá IBM Garrí Kasparov í sex skáka einvígi með 3,5 vinningum gegn 2,5. Kasparov vildi annað einvígi en IBM teymið sagði „Nei, takk!“. Þeirra afskiptum af skák var lokið, frekari þróun var hætt og tölvan send í sveit. Takmarkinu var náð.

### Fjórir tímar af sjálfsnámi

Rifjum aðeins upp opinberu útgáfuna: Alpha Zero, forrit á vegum Google fyrirtækisins, fékk að vita reglurnar í skák, tefldi við sjálft sig í fjóra klukkutíma og vann í kjölfarið sterkasta skákforritið hingað til, Stockfish 8, í hundrað skáka einvígi. Alpha Zero vann 28 skákir, gerði 72 jafntefli og tapaði engri.

Flestir fjölmiðlar heimsins, stórir sem smáir, hafa endurbirt þessa frétt, eða öllu heldur fréttatilkynningu, nokkuð gagnrýnislítið. En án þess að maður geri lítið úr árangri starfsmanna Google þá þarf líklegast að setja þó nokkrar fótnótur á frásögnina til að allrar sanngirni sé gætt.

Byrjum til dæmis á þessu með að tölvan hafi teflt við sjálfa sig í einungis fjóra klukkutíma. Þetta eru fjórir klukkutímar á einhvers konar ofurtölvuneti, vélbúnaði sem Google ræður yfir og fáir aðrir. Tíminn sem sambærilegir útreikningar tækju á venjulegri fartölvu hleypur vafalaust á vikum eða mánuðum, ef ekki árum. En þetta er grípandi: Fjórir klukkutímar. Fólk man svoleiðis.

### Ójafnt einvígi

Einn af höfundum Stockfish, Tord Romstad, benti á nokkur atriði í tengslum við „einvígið“. Ekki hefði verið notuð nýjasta útgáfa af Stockfish, sumt í uppsetningunni hefði hugsanlega komið niður á spilagetu forritsins og tímareglurnar hefðu verið fremur furðulegar. Skákirnar hundrað voru tefldar þannig að mínúta var gefin á hvern leik. Með því nýttist ekki sú vinna sem lögð hefur verið í tímastjórnunarkerfi forritsins.

Það að gefa eina mínútu á leik er fremur óhefðbundin nálgun í keppnisskák. En hún hentar vel í samhliða reikningum. Þannig geta margir örgjörvar reiknað hver sinn hluta í leikjatrénu og „gefið skýrslu“ eftir 59 sekúndur, áður en besti leikurinn er valinn. Aftur, árangur Google er alveg merkilegur, en það verður ekki endilega sagt að þeir hafi unnið andstæðinginn í sinni sterkustu mynd, og á jafnréttisgrundvelli.

Það eru til vefsíður sem halda utan um gæði ólíkra skákforrita, etja þeim saman í skákum oft á dag og birta niðurstöðurnar. Þá er auðvitað reynt að gæta þess að forritin hafi úr jafnmiklu minni og reiknigetu að moða. Ekki er hægt að setja Alpha Zero inn í þann samanburð enda forritið engum aðgengilegt og keyrir á sérstökum vélbúnaði. En auðvitað er aðalpælingin hjá Google ekki að búa til heimsins besta skákforrit. Markmiðið er að búa til þá ímynd að fyrirtækið hafi náð lengra en aðrir í gervigreind. Í von um að sölumenn þess geti hringt eftirfarandi símtöl:

Sölumaður Google hringir í forstjóra.

„Halló, er þetta forstjóri stórfyrirtækis?“

„Já.“

„Ég heiti Daníel og er sölumaður hjá Google. Hefurðu heyrt um Alpha Zero forritið?“

„Já! Þetta sem kenndi sjálfu sér skák, tefldi við sjálft sig í fjóra tíma og dró svo besta skákforrit í heimi sundur og saman í háði? Að sjálfsögðu! Ég er búinn að horfa á þessar skákir á YouTube. Þvílík snilld!“

„Einmitt, og nú hefurðu dottið í lukkupottinn! Okkur langar að bjóða þér að taka þátt í smá verkefni með okkur. Okkur datt í hug að nota hugbúnaðinn bak við Alpha Zero til að kíkja á gögnin þín og segja þér hvernig þú getur selt meiri ís / bíla / líftryggingar / bensín / offitulyf / hvað það nú er sem þú selur.“

„Snilld. Tvær spurningar: Hvað kostar þetta og hvert á ég að senda peninginn?“

> **En auðvitað er aðalpælingin hjá Google ekki að búa til heimsins besta skákforrit. Markmiðið er að búa til þá ímynd að fyrirtækið hafi náð lengra en aðrir í gervigreind.**




# Eldri borgarar geti lifað með reisn af lífeyri sínum án þess að vera á vinnumarkaðinum



Björgvin Guðmundsson
viðskiptafræðingur

Ég hef unnið að málefnum eldri borgara í 14 ár. Ég lét af störfum fyrir 15 árum fyrir aldurs sakir og hef mestallan tímann síðan unnið að málefnum eldri borgara, í stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík, sem formaður kjaranefndar Félags eldri borgara í Rvk og með því að skrifa greinar í dagblöðin um málefni aldraðra.

Ég hef nokkuð góða yfirsýn yfir þennan málaflokk og tel mig hafa þokkalega þekkingu á honum. Því miður er dómur minn sá, að allir stjórnmálaflokkar hafa brugðist eldri borgurum. Það er alveg sama hvaða stjórnmálaflokkar hafa verið við völd; þeir hafa allir hundsað aldraða. Ástæðan er sérstakt rannsóknarefni. Hún er óskiljanleg. Það er hins vegar misjafnt hvað stjórnvöld þykjast gera mikið fyrir eldri borgara.

Sumar ríkisstjórnir berja sér á brjóst og látast vera að vinna mikil afrek fyrir aldraða. En yfirleitt er engin innistæða fyrir þeirri afrekaskrá. Eldri borgarar vona alltaf, að breyting verði á og einstaka sinnum láta ráðamenn einhverja mola falla af borðum til aldraðra. En það hvarflar ekki að ráðamönnum að taka sér tak í þessum málaflokki og gerbreyta um stefnu, lyfta kjörum aldraðra svo myndarlega upp, að eldri borgarar geti lifað með reisn síðasta æviskeið sitt.

**Ég hefði haldið, að Vinstri græn mundu leiðrétta þennan ósóma strax fyrir jól og hækka lífeyrinn eitthvað í leiðinni, þar eð hann er svo lágur, að engin leið er að lifa af honum. Þetta gildir bæði fyrir aldraða og öryrkja, sem eingöngu hafa tekjur frá almannatryggingum.**

### Ný stjórn eins og eldri stjórnir

Ný ríkisstjórn, sem var að taka við völdum, er ekki frábrugðin fyrri stjórnum í þessu efni. Hún fetar troðnar slóðir; gerir ekkert fyrir eldri borgara. Það eina bitastæða, sem mátti sjá í stjórnarsáttmálanum varðandi eldri borgara, var það, að þeir mættu vinna örlítið lengur en áður án þess að tryggingalífeyrir þeirra yrði skertur. Rétt eins og aldraðir, sem búnir eru að vera á vinnumarkaði alla sína starfsævi, vilji helst fá að vinna meira, þegar þeir eru komnir á eftirlaunaaldur.

Fyrsta krafan er að sjálfsögðu sú, að eldri borgarar geti lifað af lífeyri sínum án þess að vera á vinnumarkaðnum. En það er engin leið að gera það í dag. 197 þús. kr. eftir skatt hafa eldri borgarar, sem eru í sambúð eða hjónabandi; eftir skatt, þeir, sem eingöngu hafa tekjur frá TR. Þannig er þetta í miðju góðærinu. Og það skiptir engu þó Félag eldri borgara hafi sagt frá því, að dæmi væru um að eldri borgarar hringdu til félagsins og segðu, að þeir ættu ekki fyrir mat. Samt gera stjórnvöld ekkert; samt lætur ný stjórn málið vera.



Það breytir engu þó Vinstri græn séu komin í stjórnina. Það hefði átt að laga kjör aldraðra og öryrkja á fyrsta degi ríkisstjórnarinnar með útgáfu bráðabirgðalaga. Nei, það datt ekki nýjum ráðamönnum í hug. En þeir hefðu gert það, ef banna hefði þurft verkfall. Þá hefði ekki staðið á því að gefa út bráðabirgðalög.

Nú hefur fjárlagafrumvarp nýju ríkisstjórnarinnar verið lagt fram. Ekki ber það þess merki, að vinstri flokkur sé kominn í stjórnina. Frumvarpið hefði sennilega verið alveg eins þó Íhaldið og Framsókn ein hefðu lagt það fram. Allavega er frumvarpið mjög svipað frumvarpinu, sem Benedikt Jóhannesson lagði fram; örlítið meiri framlög til heilbrigðismála og menntamála en lítil framlög til barnafólks, svo sem í barnabætur og til fæðingarorlofs og húsnæðismálin alveg út undan.

Ekkert er lagt til útrýmingar á fátækt eða til annarra mála, sem flokkast geta undir félagshyggju. Hálfur milljarður í niðurgreiðslu á tannlæknakostnaði á miðju næsta ári, sem átti að koma fyrir 8-10 árum, er ræfilslegt framlag; Kristján Þór Júlíusson lofaði sem heilbrigðisráðherra 800 millj. í þennan málaflokk sl. haust en það var svikið. Nú segist ríkisstjórnin ætla að lækka tannlæknakostnað aldraðra en eftir er að sjá hvort betur verður staðið við það en loforðið sem fyrri ríkisstjórn gaf.

### Ekkert gert heldur fyrir öryrkja

Ég reiknaði með því, að ríkisstjórnin mundi gera eitthvað fyrir öryrkja í jólamánuðinum enda þótt lífeyrir aldraðra væri ekki hækkaður um eina krónu fyrir jólin. En því miður; svo varð ekki. Öryrkjar fengu ekki heldur neinar kjarabætur í jólamánuðinum. Öryrkjar hafa verið enn verr staddir en aldraðir frá því ný lög um almannatryggingar voru sett 1. janúar sl.

Með nýju lögunum var krónu móti krónu skerðingin afnumin hjá eldri borgurum en hún var látin haldast hjá öryrkjum. Það þýddi, að ef öryrki vann sér inn nokkrar krónur, til dæmis 40 þúsund kr., var jafnhá upphæð dregin af lífeyri öryrkjans, framfærsluviðmiðinu. Öryrkinn stóð því í sömu sporum á eftir eins og hann hefði ekki unnið fyrir neinu. Þetta var forkastanlegt. Þetta var refsiaðgerð, sem ríkisstjórn Sigurðar Inga og Bjarna Ben. greip til gegn öryrkjum.

Ég hefði haldið, að Vinstri græn mundu leiðrétta þennan ósóma strax fyrir jól og hækka lífeyrinn eitthvað í leiðinni, þar eð hann er svo lágur, að engin leið er að lifa af honum. Þetta gildir bæði fyrir aldraða og öryrkja, sem eingöngu hafa tekjur frá almannatryggingum.

Nýr félagsmálaráðherra, Ásmundur Einar Daðason, átti fund með fulltrúum Öryrkjabandalagsins og talaði þar fallega við þá um að hann ætlaði að bæta kjör þeirra og aðstöðu. Fulltrúar ÖBÍ fóru fullir bjartsýni frá ráðherra en vonbrigði þeirra voru mikil, þegar þeir sáu fjárlagafrumvarpið og engar kjarabætur var að finna þar þeim til handa í jólamánuðinum. Því miður ætla Vinstri græn að staðfesta kenningu mína um, að það sé alveg sama hvaða flokkur sé í stjórn: Þeir hundsa allir eldri borgara og raunar öryrkja einnig.



# Góðar og gagnlegar gjafir

## heimóknar virði í ORMSSON

BRAUN Oral-B

**MIKIÐ ÚRVAL AF RAFMAGNS-TANNBURSTUM**





Hárklippur HC5050

Skeggsnyrtir BT5070

Rakvél 3050S

vatnsheld

**HD380** Hárblásari

Háreyðingatæki 7-521

**AS720** Krulluburstí

**ST510** Sléttujárn

**HD780** Hárblásari



GOTT ÚRVAL

Tefal **TALENT PRO**

**Allinox**

**Góðir og stórir stálpottar á fínu verði.**
Stærðir:
9, 11, 13,5, 16, 19 ltr.



**Tefal**

**JAMIE OLIVER panna**
30 cm - Á JÓLATILBOÐI

**kr. 7.990,-**



| AEG | AEG | AEG | AEG |
|---|---|---|---|
| 914913410 | 916097952 | 911544014 | 911444372 |
|  |  |  TILBOÐ |  |
| **ÞVOTTAVÉL** | **ÞURRKARI** | **UPPÞVOTTAVÉL** | **UPPÞVOTTAVÉL** |
| *L6FBE840I* Tekur 8 kg af þvotti. 1400 sn. | *T6DEL821G* Tekur 8 kg af þvotti. | VERÐ ÁÐUR: 99.900,- | |
| **99.900,-** | **109.900,-** | **79.900,-** | **169.900,-** |

UMBOÐSMENN UM ALLT LAND

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 - SÍMI 530 2800

# Óðinn Þór tryggði hvít jól í Hafnarfirði




**Handbolti** FH vann baráttuna um Hafnarfjörðinn þegar Haukar komu í heimsókn í Kaplakrika í gær. Með sigrinum tryggði FH sér toppsæti Olís-deildarinnar yfir jólin. Leikurinn var í járnum allt frá fyrstu mínútu og úrslit réðust ekki fyrr en á lokasekúndunum. Óðinn Þór Ríkharðsson náði þá frákastinu eftir að Einar Rafn Eiðsson skaut í slá og vippaði boltanum sultuslakur yfir Björgvin Pál Gústavsson í markinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Nýjast

**Olísdeild karla**

**FH - Haukar 30-29**

Markahæstir: Ásbjörn Friðriksson 9, Einar Rafn Eiðasson 5, Gísli Þorgeir Kristjánsson 4, Óðinn Þór Ríkharðsson 3. Hákon Daði Styrmisson 7, Atli Már Báruson 6, Daníel Þór Ingason 6, Adam Haukur Baumruk 3.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| FH | 24 | Stjarnan | 13 |
| Valur | 21 | Afturelding | 13 |
| Selfoss | 20 | Fram | 8 |
| ÍBV | 20 | Grótta | 7 |
| Haukar | 17 | Fjölnir | 5 |
| ÍR | 13 | Víkingur | 5 |

**Enska úrvalsdeildin**

**Everton - Swansea 3-1**

0-1 Leroy Fer (35.), 1-1 Dominic Calvert-Lewin (45+2.), 2-1 Gylfi Þór Sigurðsson (64.), 3-1 Wayne Rooney (víti 73.).

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Man. City | 52 | B'mouth | 16 |
| Man. Utd. | 41 | Stoke | 16 |
| Chelsea | 38 | Newcastle | 15 |
| Liverpool | 34 | West Brom | 14 |
| Arsenal | 33 | Swansea | 12 |

**TEITUR ÆFIR MEÐ KRISTIANSTAD** Selfyssingurinn skotfasti, Teitur Örn Einarsson, mun æfa og skoða aðstæður hjá Kristianstad á næstu dögum. Teitur er markahæsti leikmaður Selfoss í vetur. Kristianstad er sænskur meistari og með liðinu leika þrír Íslendingar; Arnar Freyr Arnarsson, Ólafur Guðmundsson og Gunnar Steinn Jónsson. Teitur hefur farið mikinn í markaskorun með Selfossi í vetur og er kominn með 107 mörk í 14 deildarleikjum.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.40 | Arsenal - West Ham | Sport |
| 19.30 | Leicester - Man. City | Sport 2 |


Fimleikafatnaður í Ástund

Mikið úrval að fimleikafatnaði.
Toppar, buxur, bolir
margir litir.





ÁSTUND
Austurveri, Háaleitisbraut 68 • sími 568 4240


# Ég er stoltur af silfrinu

**Þórir Hergeirsson náði ekki að verja heimsmeistaratitilinn með Noregi eftir tap fyrir Frakklandi í úrslitaleiknum á sunnudag. Hann segir erfitt að útskýra af hverju grundvallarþættir í leik liðsins brugðust þegar mest á reyndi.**

**HANDBOLTI** Þórir Hergeirsson vann um helgina til verðlauna á stórmóti í tíunda sinn sem aðalþjálfari norska kvennalandsliðsins – og það í aðeins ellefu tilraunum. Norðmenn urðu að sætta sig við silfur á HM í Þýskalandi eftir tap fyrir Frakklandi í úrslitaleiknum, 23-21.

„Það væri lítil auðmýkt í því að vera ekki stoltur af silfurverðlaunum,“ sagði Þórir við Fréttablaðið í gær og kvaðst ánægður með árangurinn, þó svo að það hafi verið svekkjandi að tapa úrslitaleiknum.

„Við höfum ekki tapað mörgum úrslitaleikjum í gegnum tíðina en það er alltaf svekkjandi. Frammistaða okkar á mótinu kom mér þægilega á óvart og í raun margt jákvætt hjá okkur, ekki síst á jafn sterku móti og þessi keppni var,“ segir Þórir. „En það var hrikalegt að klikka á undirstöðuþáttum okkar leiks í úrslitaleiknum – markvörslu og hraðaupphlaupum.“

Hann segist engar skýringar hafa á því af hverju markverðir norska liðsins vörðu aðeins fjögur skot af 27 gegn Frökkum. „Það hefur að ég held aldrei gerst áður,“ segir Þórir en bendir á að bæði meiðsli og veikindi hafi sett strik í reikninginn. Það sé ekki eina skýringin, markvarslan hafi farið niður á við eftir því sem liðið hafi á mótið. Þá hafi lítil markvarsla í úrslitaleiknum ekki hjálpað til í hraðaupphlaupunum, þó svo að Frakkar hafi lagt ofurkapp á að hægja á leiknum.

„Það voru samt hraðaupphlaupsmöguleikar hjá okkur en það var engu líkara en að við værum með handbremsuna á í þessum leik. Svo brennum við af fjórum vítum sem var mjög dýrt. Þetta er algjörlega úr takti hjá okkur,“ segir hann.

### Ekki allir sérfræðingar

Þrátt fyrir að flestir séu ánægðir með árangur norska liðsins heima fyrir heyrast alltaf óánægjuraddir. Þórir var til að mynda gagnrýndur eftir leik í norskum miðlum í gær af sérfræðingum í sjónvarpi. Þórir tekur umtal um norska liðið ekki inn á sig.

„Það er bara hluti af þessu. Miklu fleiri eru jákvæðir en hitt þó svo að allir séu svekktir með að tapa úrslitaleik. Það er flott að þetta lið skapi umtal og betra en að öllum sé skítsama. Svo getur maður líka valið á hverja maður hlustar. Maður ljær klókú fólki eyra en það eru ekki allir sérfræðingar sem titla sig sérfræðinga,“ sagði Þórir.

### Í æfingabúðir með Frökkum

Norðmenn hafa verið með talsverða yfirburði í íþróttinni síðustu ár en ógnarsterkt lið Frakka er líklegt til að gera atlögu að þeim yfirburðum.

„Frakkland vann síðast árið 2003 og þó svo að engir titlar hafa komið síðan þá hafa þeir alltaf verið með í baráttunni um verðlaun. Nú eru þeir með firnasterkt lið og mikla breidd. Frakkland er mikil handboltaþjóð,“ segir Þórir en Norðmenn munu næsta sumar fara í æfingabúðir með Frökkum og spila við þá nokkra leiki á næsta ári.

„Það er mikilvægt. Við höfum gert of lítið af því að spila við þær og ungu leikmennirnir okkar þurfa á því að halda.“

Þórir segist yfirleitt fljótur að hrista af sér tapleiki en það sé misмunandi. Það sitji þó í honum að hugsa til þess hversu lítið vantaði upp á. „Það þurfti bara að nýta tvö vítin og verja einn bolta til viðbótar. Þá hefðum við unnið þennan leik.“

eirikur@frettabladid.is

# Fólk

## Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 19. DESEMBER 2017



Bára Magnúsdóttir (t.v). er verkstjóri hjá þvottahúsinu A. Smith. Björn Þór Heiðdal er í forsvari fyrir þvottahúsið sem varð 70 ára í fyrra. MYND/ERNIR

# Bara það besta er nógu gott

Elsta starfandi þvottahús landsins, A. Smith, þjónar fjölbreyttum hópi einstaklinga og fyrirtækja. Á vef þess, www.damask.is, má kynna sér þjónustu þess og fjölbreytt úrval af mjög vönduðum rúmfatnaði og dúkum. →2






**Framhald af forsíðu ➪**

Fjölskyldufyrirtækið A. Smith er elsta starfandi þvottahús landsins og þjónar fjölbreyttum hópi viðskiptavina, allt frá rónum upp í ráðherra eins og Björn Þór Heiðdal, sem er í forsvari fyrir þvottahúsið, orðar það. Rætur fyrirtækisins liggja í þvotti á skyrtum, dúkum og sængurfötum fyrir bæði einstaklinga og hótel en þar fæst einnig gott úrval af mjög vönduðum rúmfatnaði og dúkum frá Ítalíu, Króatíu og Kína. „Ég vel aðeins það besta frá hverjum framleiðanda og lækka frekar álagninguna heldur en að kaupa inn ódýrari vöru.“

Og gæðin eru svo sannarlega í fyrirrúmi hjá A. Smith. „Ég er orðinn mjög þreyttur á lélegum rúmfötum sem aðrir eru að selja hér á landi. Sjálfur er ég búinn að þvo milljón rúmföt í gegnum árin. Því miður eru margir sem sofa undir rúmfötum frá Rúmfatalagernum eða Lín Design og halda að ekkert betra sé til. Eftir að Verið og Fatabúðin hættu starfsemi hefur enginn sérhæft sig í vönduðum rúmfötum nema A. Smith. Reyndar er ég að selja vandaðri vöru en báðar þessar búðir gerðu.“

Hann segir A. Smith ekki kaupa næst ódýrasta rúmfataefnið frá Kína eða Pakistan, líma nokkur íslensk blóm á þau og leggja síðan 1.000% álagningu ofan á. „Við seljum rúmföt sem eru úr allra bestu og dýrustu satín- og damaskefnum sem til eru. Enda sofa viðskiptavinir okkar betur í gæðarúmfötum frá okkur.“

> **Ég vel aðeins það besta frá hverjum framleiðanda og lækka frekar álagninguna heldur en að kaupa inn ódýrari vöru.**
>
> Björn Þór Heiðdal

### Áhersla á gæði

Hann nefnir sem dæmi vönduðu lúxusrúmfötin frá ítalska fyrirtækinu Quagliotti. „Þetta er lítið fjölskyldufyrirtæki sem var stofnað fyrir 80 árum. Þau leggja mikla áherslu á gæði og vönduð vinnubrögð og sjá t.d. bresku og norsku krúnunni fyrir dúkum og sængurfötum. Einnig selja þau til fjölmargra virkilega flottra hótela á borð við 101 Hotel í Reykjavík, Ritz í París, Armani Hotel í Mílanó, Caesars Palace í Las Vegas og The Mark Hotel í New York. Í gegnum árin hefur Quagliotti framleitt dúka og sængurföt sem seld hafa verið undir merkjum t.d. Gucci, Lacroix og Dior. Þegar aðeins það besta er nógu gott er því leitað til Quagliotti með rúmföt og dúka.“ Ítölsku rúmfötin kosta 13.900, 18.000, 22.900 og 33.700 kr. en einnig fást ódýrari 300-800 þráða rúmföt frá Kína á 6.900, 8.900 og 12.500 kr.

### Vandaðir dúkar

Einnig er boðið upp á vandaða sparidúka frá franska fyrirtækinu Le Jacquard Francais og frá Króatíu. „Í tilefni jólanna létum við framleiða sérstaklega fyrir okkur jólasveinadiskaþurrkur í tveimur litum, rauðar og grænar. Allir sem kaupa sængurföt eða dúka fá eina í jólagjöf frá okkur.“

Ásamt innflutningi á tilbúnum sængurfötum flytur þvottahúsið einnig inn hágæða damask- og satínefni frá Ítalíu. „Um er að ræða sex og sjö hundruð þráða damask- og satínefni úr langþráða egypskri bómull og bómull frá Perú. Fyrir tíu árum kynntist ég saumakonu



Það tekur svo sannarlega tíma og krefst um leið vandvirkni að strauja sparidúka.




Reynslumiklir starfsmenn A. Smith þvottahússins sauma íslenskt handverk eftir máli úr úrvals ítölskum damask- og satínefnum.



Þvottahúsið A. Smith býður upp á úrval af mjög vönduðum rúmfatnaði og dúkum frá Ítalíu, Króatíu og Kína. MYND/ERNIR




Allir ættu að finna rúmföt við sitt hæfi hjá A. Smith, bæði einstaklingar og fyrirtæki.



Vönduðu lúxusrúmfötin frá ítalska fyrirtækinu Quagliotti sameina glæsilegt útlit, vandað efni og góða endingu.

sem saumaði mikið fyrir Fatabúðina. Hún er sérstaklega vandvirk og liðleg með sérpantanir og getur saumað allar stærðir og lök líka.“

Einnig er boðið upp á leigu á dúkum fyrir veislur og ráðstefnur. „Við erum með mesta úrvalið þegar kemur að stærðum og gerðum dúka. Einnig held ég að við séum líka ódýrust en bjóðum samt upp á nýja dúka sem eru sérframleiddir fyrir okkur í Króatíu.“

### Tryggir viðskiptavinir

Viðskiptavinir þvottahússins eru tryggir að sögn Björns Þórs. „Það má segja að við séum í raun ódýr heimilishjálp enda koma margir með skyrtur, dúka og rúmfötin sín í hreinsun til okkar. Við höfum meira að segja tekið á móti þriðju kynslóð úr sömu fjölskyldum sem kemur til okkar með rúmfötin í hreinsun.“

Það var afi Björns Þórs sem stofnaði þvottahúsið árið 1946 sem varð því 70 ára á síðasta ári. „Afi stofnaði fyrirtækið og foreldrar mínir keyptu það af honum árið 1988 og ráku það saman þangað til pabbi lést árið 2001. Síðustu árin hef ég alfarið séð um daglegan rekstur en móðir mín sér um bókhaldið.“

Þvottahús A. Smith ehf. er á Bergstaðastræti 52 í Reykjavík. Nánari upplýsingar má finna á www.damask.is.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Laus við hitakóf, þreytu og slen

Macarót er þekkt fyrir að hafa sérlega góð áhrif á hormónatengd óþægindi. Notkun hennar er náttúruleg leið til að draga úr óþægindum tengdum breytingaskeiðinu og hormónaójafnvægi.

Hormónar og ójafnvægi í hormónastarfsemi getur farið að hafa áhrif á líðan kvenna tiltölulega snemma á ævinni. Yngri konur verða varar við óreglulegar blæðingar, fyrirtíðaspennu, skapsveiflur og jafnvel litla frjósemi en konur sem eru komnar yfir 35-40 ára aldur finna frekar fyrir svita- og hitakófum sem hafa áhrif á nætursvefninn, pirring, þunglyndi, leiða, minni kynlöngun og þurrk í leggöngum.

### Femmenessence fyrir ólíka aldurshópa

Femmenessence vörurnar eru unnar úr sérhönnuðum blöndum ólíkra arfgerða macajurtarinnar sem eins og áður sagði er þekkt fyrir að hafa afar góð áhrif á hormónana og koma betra jafnvægi á hormónabúskapinn. Samsetning þessara arfgerða fer eftir því á hvaða aldri konur eru og hvernig hormónabúskapurinn er en um er að ræða þrjár mismunandi vörur sem henta fyrir mismunandi aldursskeið.

### Konur á barneignar- og frjósemisaldri

Konur á barneignar- og frjósemisaldri geta haft ýmiss konar einkenni sem tengjast hormónabúskapnum þó svo að það sé ótengt breytingaskeiðinu. Þetta eru einkenni eins og fyrirtíðaspenna, sársaukafullar blæðingar, óreglulegar blæðingar, húðvandamál, skapsveiflur, pirringur og síðast en ekki síst, frjósemisvandamál. Femmenessence MacaHarmony er sérstaklega hönnuð með þennan hóp í huga og hefur hún Anna Sóley Herbertsdóttir afar góða reynslu af þessari vöru:

„Ég var alltaf svo þreytt og orkulítil og var búin að prófa margt sem virkaði ekki á mig þegar ég ákvað að prófa Femmenessence MacaHarmony. Ég var bara búin að taka það inn í nokkra daga þegar ég fann mun en ég varð orkumeiri, hressari og léttari í lund. Eftir nokkrar vikur var ég laus við þreytu og slen og mér til mikillar gleði hefur það líka haft mjög góð áhrif á húðina. Hún varð hreinni og bjartari og eins hefur það haft jákvæð áhrif á þyngdina. Ég get því hiklaust mælt með Femmenessence MacaHarmony."

> **Ég var bara búin að taka MacaHarmony inn í nokkra daga þegar ég fann mun en ég varð orkumeiri, hressari og léttari í lund. Eftir nokkrar vikur var ég laus við þreytu og slen og mér til mikillar gleði hefur það líka haft jákvæð áhrif á þyngdina.**
>
> Anna Sóley Herbertsdóttir, 2 drengja móðir



Anna Sóley Herbertsdóttir hefur góða reynslu af Femmenessence MacaHarmony. MYND/ARTASAN

### Breytingaskeiðið

Konur um og yfir fertugt sem eru enn með blæðingar, reglulegar eða óreglulegar, en eru farnar að finna fyrir einkennum breytingaskeiðsins hafa notið góðs af Femmenessence MacaLife. Þetta getur verið gríðarlega erfiður tími fyrir margar konur en hitakóf, nætursviti, svefntruflanir, geðsveiflur, þunglyndi, beinþynning, heilaþoka, minnkuð kynhvöt og leggangaþurrkur getur verið að angra og oftar en ekki eru það fleiri en eitt einkenni sem þær finna fyrir.

### Breytingaskeiðið eftir að blæðingar hætta

Konur sem ekki hafa haft blæðingar síðustu 12 mánuði og þær sem hafa farið í aðgerðir eins og brottnám á eggjastokkum finna oft fyrir sömu einkennum og konur sem eru að byrja á breytingaskeiðinu. Þetta gerist oft kringum 47-52 ára aldur en reynslan sýnir þó að konur geta verið mun yngri og jafnvel eldri. MacaPause er hugsað fyrir konur sem eru hættar með blæðingar og er styrkur macarótarinnar í þessari vöru helmingi meiri en í MacaLife.

Anna Margrét Geirsdóttir hefur bæði notað MacaLife og MacaPause:

„Fyrir ca. 5-6 árum fór ég að finna fyrir hitakófum, bæði daga og nætur. Ég prófaði Femmenessence MacaLife eftir ábendingu frá vinkonu og þrátt fyrir að sagt væri að það tæki tíma að virka, fann ég strax mun og svitakófin hurfu. Skömmu eftir fimmtugt skipti ég svo yfir í MacaPause enda hætt á blæðingum fyrir töluverðu síðan. Ég tek ekki fullan skammt ennþá en það virkar vel og ég finn strax fyrir því ef ég gleymi að taka inn töflu."

### Náttúruleg og lífræn lausn

Femmenessence er náttúruleg og lífræn macarót sem inniheldur ekki hormóna en styður við framleiðslu líkamans á þeim. Virkni hefur verið staðfest í rannsóknum en búið er að einangra virku efnin úr macarótinni sem hjálpa til við hormónatengd vandamál. Vörurnar eru ekki erfðabreyttar, hafa sanngirnisvottun (Fair Trade) og eru glútenlausar.




**Femmenessence er náttúruleg og lífræn macarót sem inniheldur ekki hormóna en styður við framleiðslu líkamans á þeim.**

Sölustaðir: Fæst í apótekum, heilsuhúsum og heilsuhillum verslana.


# Öflugur asídófílus

**PRÓGASTRÓ GULL** innheldur gall- og sýruþolna mjólkursýrugerla með asídófílus sem margfaldar sig í þörmunum.

Öflugir gerlar bæta þarmaflóruna og eru góðir gegn:

- Meltingarvandamálum
- Magaónotum
- Uppþembu
- Erfiðum hægðum
- Sveppasýkingum
- Húðvandamálum
- Andlegri vanlíðan

1 hylki á dag – 2 mánaða skammtur
Án: mjólkurafurða, glúteins, gers, soya og rotvarnarefna




Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

# Stefnir á titilinn í vor

Hallveig Jónsdóttir hefur átt mjög gott tímabil með kvennaliði Vals í körfubolta. Deildin er komin í stutt jólafrí og ætlar Hallveig að eyða jólunum og áramótunum í faðmi fjölskyldunnar.

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Körfuboltakonan Hallveig Jónsdóttir hefur átt mjög gott tímabil með liði Vals sem trónir á toppi Domino's-deildar kvenna sem nú er komin í stutt jólafrí. Hallveig er að spila sitt sjötta tímabil með liði Vals og er um leið að spila sitt besta tímabil á ferlinum að eigin mati. „Valsliðið stefnir hátt í ár og er draumurinn auðvitað að vinna titil. Þar sem við erum dottnar úr bikarnum kemur bara eitt til greina, að vinna Íslandsmeistaratitilinn. Sjálf ætla ég að halda áfram að spila eins og ég hef gert hingað til, af miklu öryggi og áræði. Með tímanum og reynslu er svo draumurinn að vera með lykilhlutverk í landsliðinu."

Hallveig er á lokaári í viðskiptafræði við Háskóla Íslands og starfar hjá Arion banka sem hún segir frábæran vinnustað. „Ég stefni á mastersnám í fjármálum að loknu BS-námi en þar liggur áhugasvið mitt. Draumurinn er að enda í flottri stöðu innan bankans."

**Hvernig er dæmigerð helgi?** Yfir tímabilið er stutt á milli leikja og þá eru helgarnar oft nýttar í rólegheit. Við eigum yfirleitt leik á laugardögum og þá er fínt að nýta laugardagskvöldið og sunnudaginn í að safna orku. Oft er nú samt eitthvað skemmtilegt í gangi um helgar sem leiðir til þess að maður kíki út á lífið.

**Er mikið jólastress í gangi?** Nei, ég get ekki sagt það, eftir allt prófastressið þá finnst mér jólastress ekki koma til mála. Við vinkonurnar ákváðum að verðlauna okkur eftir prófatíðina og gefa okkur góða ferð til London í jólagjöf. Ég verð því í London vikuna fyrir jól að njóta og kaupa jólagjafir fyrir vini og vandamenn.

**Hvernig eyðir þú jólum og áramótum?** Með fjölskyldunni minni. Þetta er mikill „kósí" tími hjá okkur og um að gera að njóta. Jólin eru einstaklega róleg heima í faðmi fjölskyldunnar á meðan áramótin eru í aðeins meiri partígír.

**Hvað færðu þér í morgunmat?** Ég hef enga fasta rútínu hvað varðar morgunmat á virkum dögum. Um helgar er hins vegar hefð á mínu heimili að fara í bakaríið sem ég kann vel að meta.

**Hvað finnst þér gott að fá þér í kvöldmat?** Uppáhaldsmaturinn minn er nautasteik. Annars er ég þessi klassíska og finnst pitsan og hamborgarinn alltaf góður

**Hver er erfiðasti mótherjinn?** Í dag er erfiðasti mótherjinn lið Keflavíkur. Ungt og efnilegt lið sem tók báða titlana í fyrra.

**Hvernig kemur þú þér í gírinn fyrir leik?** Ég reyni að halda stressinu og spennunni í skefjum. Dreifi huganum yfir daginn og geri eitthvað til að halda mér upptekinni. Þegar það er stutt í leik finnst mér gott að hlusta á góða tónlist, tónlist sem kemur manni í gírinn.

**Ertu morgunhani eða finnst þér gott að sofa út?** Ég er mikil A-manneskja. Vegna skóla og vinnu þarf ég að vakna snemma á virkum dögum. Um helgar finnst mér því gott að geta sofið aðeins út.

**Ertu nammigrís?** Það er ekkert leyndarmál að ég er mikill nammigrís. Ég er sjúk í súkkulaði og segi aldrei nei við laugardagsafslættinum.




Hallveig Jónsdóttir hefur leikið tólf landsleiki fyrir Íslands hönd. Hér er hún á Smáþjóðaleikunum í San Marínó snemma sumars í góðum félagsskap.



Tommy Hilfiger úrin fást í úraverslunum.



Það er gaman að skreyta í kringum sig fyrir jólin. Um leið ætti að huga að réttu perunum og spara rafmagnið.

# Sparið og veljið réttu perurnar

Það getur verið dýrt að lýsa húsið upp með jólaseríum. Þess vegna er áríðandi að setja frekar upp LED-ljós. Þau geta leitt til allt að 80 prósenta sparnaðar á rafmagnsreikningnum miðað við venjulegar perur. LED-perurnar eru umhverfisvænni samtímis því að vera ódýrari í rekstri. Með því að hafa ljósin tímastillt er hægt að spara enn meira. Þeir sem skreyta húsin sín mikið ættu að huga að þeim sparnaðarleiðum sem til eru. Einnig þarf að huga að gæðum. LED-ljós eru mismunandi að gæðum eins og margt annað. Þannig er oft samasemmerki á milli verðs og gæða.

Öll ljós á heimilinu ættu að vera með sparperum. Það dregur mjög úr orkunotkun. Ljós ættu ekki að loga að óþörfu. Þótt gaman sé að lýsa upp skammdegið er rétt að huga einnig að kostnaði.

> Jólamánuðurinn er dýr og þess vegna þarf að huga að því hvernig hægt sé að spara, til dæmis rafmagnið.

Desember er dýr mánuður svo það er um að gera að spara þar sem það er hægt. Mismuninn væri hægt að nota til að kaupa jólamat eða -gjafir.


SHIMANO
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
STAGES CYCLING
Wilier TRIESTINA
RFR.
Við endurgreiðum einn NEO í desember!
Tacx
Tacx Flux Smart
Verð: 119.990kr
Tacx
Tacx NEO Smart
Verð: 209.990kr
Tacx Vortex Smart
*Tacx Vortex Smart - Verð 67.990kr*
*Tacx Satori Smart - Verð 44.990kr*
Tacx
ParkTool
Xenofit
www.xenofit.de
STAGES
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
RoseFPRIMA
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00



Hólmfríður Þorgeirsdóttir er verkefnastjóri næringar hjá Embætti landlæknis sem hvetur til þess að fjölskyldan eigi skemmtilegar samverustundir með útivist og hreyfingu um hátíðarnar. MYND/EYÞÓR

# Matur og hreyfing um jól

Jólahátíðin og desember allur er matarhátíð hjá mörgum. Þá er tími til að njóta lífsins lystisemda en þó með skynsemi að leiðarljósi og daglegri hreyfingu á milli sældarlífs og veisluhalda.






Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



„Ótalmargt girnilegt og gómsætt er á borðum í desembermánuði og ekki nema eðlilegt að tilhlökkunin sé mikil til að fá að njóta góða bragðsins,“ segir Hólmfríður Þorgeirsdóttir, verkefnastjóri næringar hjá Embætti landlæknis.

Hún segir landsmenn ekki þurfa að hafa áhyggjur þótt brugðið sé út af vananum í örfáa daga á ári.

„Það er mataræðið í heild og yfir árið sem skiptir meginmáli. Þó er það staðreynd að hjá mörgum er meira og minna allur desembermánuður undirlagður af veislumat og því ekki úr vegi að huga að því hvernig við getum gert jólahátíðina, og matinn sem henni fylgir, heilsusamlegri.“

### Hollari jólamatur

Að sögn Hólmfríðar þarf veislumatur alls ekki að vera óhollur og hægt er að gera smáar breytingar á matreiðslu í átt að hollustu án þess að það þurfi að hafa mikil áhrif á bragð matarins.

„Ef reyktur og saltaður matur er á borðum, eins og hangikjöt og hamborgarhryggur, er hægt að velja saltminni vörur og líka gott að stilla skammtastærðinni í hóf. Einnig að nota fituminni rjóma í sósuna og svo skiptir meðlætið einnig máli, muna eftir grænmetinu og hafa nóg af því með jólamatnum,“ segir Hólmfríður.

Þá sé gott að bjóða upp á ávexti í eftirrétt og millibita, sem og hnetur og möndlur.

„Dagana á milli veisluhalda er skynsamlegt að velja léttari mat og koma fiski á matseðilinn.“

### Borðum með athygli

Hólmfríður segir gott að gefa sér góðan tíma til að njóta veisluhalda jólanna og að borða með athygli.

„Að borða með athygli felur í sér að beina athyglinni meðvitað að því að borða og taka betur eftir merkjum líkamans um svengd og seddu. Einnig er æskilegt að huga að skammtastærðum og stilla magni í hóf þegar skammtað er á diskinn.“



Hún hvetur landsmenn líka til vatnsdrykkju um jólin, í það minnsta með öðrum drykkjum.

„Vatn ætti að eiga sér fastan stað á jólaborðinu með öðrum drykkjum því vatn er ákjósanlegasti drykkurinn með matnum og við þorsta.“

### Hreyfum okkur daglega

Embætti landlæknis bendir einnig á að samhliða því sem hugað er að mataræðinu er ekki síður gott að sinna daglegri hreyfingu yfir jólin, líkt og aðra daga ársins.

Yfir hátíðarnar er tilvalið að eiga skemmtilegar samverustundir með fjölskyldu og vinum með því að fara í gönguferð, í sund eða á skauta. Ef snjór er nægur má meðal annars skella sér á snjóþotu, á skíði eða bara búa til snjókarl. Hvaða leið sem valin er til hreyfingar er líklegt að okkur líði betur en annars og að við njótum þess enn frekar að borða góða jólamatinn og slaka á yfir hátíðisdagana.



Vatn ætti að eiga sér fastan samastað á jólaborðinu með öðrum drykkjum.

> Að borða með athygli felur í sér að beina athyglinni meðvitað að því að borða og taka betur eftir merkjum líkamans um svengd og seddu.
>
> Hólmfríður Þorgeirsdóttir






Mikið úrval af hágæða vetrarfatnaði í jólapakkann!





Norsk ullarnærföt úr einstaklega mjúkri og teygjanlegri 100% merino ull






Peysa kr.11.990.- Buxur kr.10.990.-

SPORTÍS MÖRKIN 6 - 108 REYKJAVÍK - S:520-1000 - SPORTIS.IS

# Kjötlausir réttir í desember

Ef þú ert grænmetisæta eða vilt spara við þig kjötmáltíðir fyrir jólin koma hér góðar uppskriftir. Það getur verið ágætt að breyta aðeins til. Þetta eru bragðgóðir réttir sem henta öllum aldri.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Bollur eru í uppáhaldi hjá flestum. Það þarf ekkert endilega að vera kjöt í bollum eins og þessi uppskrift sýnir. Einnig er hér uppskrift að indverskum rétti án kjöts og naanbrauði.



Litlar bollur án kjöts eru bragðgóðar.

## Kjötlausar bollur

Á jólunum er mikil kjötveisla svo það er ágætt að elda eitthvað léttara þessa síðustu daga áður en hátíðin hefst. Til dæmis þessar litlu kjötlausu bollur sem eru einfaldar og góðar.

**1 dós svartar baunir**
**1 laukur**
**1 hvítlauksrif**
**2 dl heslihnetur**
**2 dl rasp**
**2 egg**
**1 msk. sojasósa**
**2 tsk. pipar**
**1 msk. sterkt sinnep**
**Salt og pipar**
**Steinselja, smátt skorin**
**Smjör og olía til að steikja upp úr**

Skolið baunirnar upp úr köldu vatni og stappið þær síðan með gaffli.

Skerið lauk og hvítlauk mjög smátt. Setjið hneturnar í matvinnsluvél og hakkið smátt. Setjið allt sem upp er talið í uppskriftinni í stóra skál og hrærið vel saman.

Látið blönduna jafna sig í 10 mínútur. Búið til litlar bollur og steikið upp úr smjöri og olíu.

Með bollunum má bera fram soðnar kartöflur og ferskt salat.

**» Það er hægt að gera góða rétti án þess að nota kjöt í þá.**



Rauðrófusalat getur verið með eða án síldar.

## Rauðrófusalat

Þetta salat er gott með ýmsum mat eða brauði. Margir setja marineraða síld í þennan rétt og borða með rúgbrauði.

**6 niðursoðnar rauðrófur**
**1 dl rifin piparrót**
**1 epli**
**1 rauðlaukur**
**1 dl sýrður rjómi**
**1 dl majónes**
**Salt og pipar**

Skerið epli og rauðrófur smátt. Skerið laukinn sömuleiðis smátt og rífið piparrótina. Blandið öllu vel saman sem upp er talið og kælið. Bætið síld í réttinn ef vill.

## Indverskur grænmetisréttur

Mjög góður og bragðmikill réttur sem er borinn fram með hrísgrjónum, naanbrauði, mango chutney og hreinni jógúrt.

**400 g kartöflur, skornar í bita**
**1 blómkálshöfuð, tekið í sundur í kvisti**
**1 laukur, skorinn smátt**
**1 msk. rifinn engifer**
**4 hvítlauksrif, rifin**
**2 tsk. cumin**
**1 tsk. chili-pipar**
**1 tsk. túrmerik**
**1 tsk. kóríanderduft**
**400 g tómatar í dós, niðurskornir**
**2 grænir chili**
**1 tsk. garam masala**
**½ límóna**
**Ferskt kóríander**
**Salt og pipar**
**Olía til steikingar**



Hitið þykkbotna pönnu og bætið olíu út á. Steikið kartöflurnar á nokkuð háum hita þar til þær taka lit. Setjið kartöflurnar í skál og steikið blómkálið á sama hátt. Því næst er laukurinn settur út á pönnuna og aðeins meiri olía. Þegar laukurinn mýkist er hvítlauk og engifer bætt út í. Þegar hér er komið sögu er kryddinu bætt við og loks tómötum. Fræhreinsið chili og skerið smátt. Bætið honum á pönnuna og kartöflunum og látið allt malla undir loki í 5 mínútur. Bætið þá blómkálinu út í og 1 dl af vatni. Látið allt malla í 8 mínútur. Kreistið safa úr límónu yfir réttinn og stráið fersku kóríander yfir. Bragðbætið með salti og pipar.

## Naanbrauð

Með indverska réttinum er nauðsynlegt að hafa naanbrauð. Það er best heimabakað.

**7,5 dl hveiti**
**2 dl mjólk**
**1 egg**
**1 dl hrein jógúrt**
**2 msk. olía**
**1 tsk. salt**
**2 tsk. sykur**
**½ tsk. lyftiduft**
**2 tsk. þurrger**

Sigtið hveiti í skál og hitið mjólkina. Þeytið eggið smávegis í annarri skál og blandið því saman við jógúrt, olíu, salt, sykur, lyftiduft, þurrger og hálfan dl af mjólk. Hellið blöndunni yfir hveitið og hnoðið saman. Bætið restinni af mjólkinni saman við hægt og rólega. Þegar deigið er klárt er það penslað með olíu, setjið plastfilmu yfir skálina og látið hefast í 2½ klst.

Stillið ofninn á grillið. Penslið bökunarplötur með olíu. Skiptið deiginu í sex hluta. Fletjið út brauð sem er 25 cm langt og 12 cm breitt. Leggið tvö brauð á hverja bökunarplötu og látið standa í 20 mínútur.

Penslið brauðið með smávegis olíu. Grillið brauðið í 2-3 mínútur á hvorri hlið. Gott er að pensla það með hvítlauksolíu eða -smjöri þegar það kemur úr ofninum.



# Smart Boutique

Fjörður • www.smartboutique.is

**SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND**

**www.smartboutique.is**

Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður, sími 551 1040
Opið mán.–fös. kl. 10–18
Laugardaga kl. 10–17
Sunnudaga kl. 12–17

**SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND**

**www.smartboutique.is**

***Það er aðeins ein alvöru hanskabúð og hún er í Firðinum Hafnarfirði.***

**OPIÐ TIL KL. 22 TIL JÓLA**

FJÖRÐUR



Tundra eða Tundra long gervifeldshúfa og hanskar
Jólatilboð 7.500 kr.
Margir litir í boði.



Herratrefill og hanskar Jólatilboð 5.490.kr
Refaskott og hanskar Jólatilboð 12.490.kr
Stutt skott 9.900.kr
Margir litir í boði.



Pasmina og hanskar Jólatilboð 4.950.kr
Margir litir í boði



Kanínuhúfa og hanskar
Jólatilboð 15.900.kr
Margir litir í boði.



Hvergi meira úrval af gæða leðurhönskum
Verð frá 3.450 kr.



Flottir herra treflar á aðeins 2.900 kr
Besta verðið í bænum !



Mikið úrval af gæða herra hönskum á lang besta verðinu í bænum. Verð frá 3.990 kr

# Leiðir til að líða vel yfir jólin

Margir finna fyrir verri andlegri líðan í aðdraganda hátíðar ljóss og friðar og fyllast kvíða eða depurð í stað þess að hlakka til. Hér eru nokkur ráð til að halda jafnvægi í jólastressinu og líða vel um jólin.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@365.is



Það eru ýmsar ástæður fyrir því að sumum líður illa í aðdraganda jólanna. Það er mikið sem gengur á og miklar kröfur og þrýstingur sem fólk þarf að standa undir. Mörgum finnst að þeim eigi að líða vel á þessum tíma, þannig að þeir sem finna fyrir vanlíðan fá stundum samviskubit og líður verr.

Huffington Post í Bretlandi ræddi nýverið við ýmsa sérfræðinga í andlegri heilsu og forvitnaðist um hvers vegna vanlíðan eykst oft á þessum tíma og hvað er til ráða.

## Margt sem kvelur á jólum

Áhyggjur af peningum eru eitt sem íþyngir fólki í þessum mánuði. Það þarf að borga fyrir jólagjafir, jólaföt, jólaskraut, jólamat og fleira. Þetta þarf svo allt að sækja í troðfullar verslunarmiðstöðvar, sem veldur miklu áreiti og streitu.

Margir eru einmana á jólum. Það eiga ekki allir fjölskyldu eða vini til að eyða tímanum með og sá skortur er mun tilfinnanlegri á aðal fjölskylduhátíð ársins. Þeir sem hafa misst ástvini finna líka oft fyrir sterkari söknuði á jólum en annars.

Á sama tíma og sumir glíma við einmanaleika eiga aðrir erfitt með auknar félagslegar skyldur. Sumir eiga erfitt með að sinna öllum sem þeim finnst þeir þurfa að sinna og margir kvíða fyrir jólaveislum og öðrum samkomum yfir jólahátíðina.

Það er algengt að fólk neyti meira áfengis í kringum jólin, en það getur auðveldlega aukið kvíða og þunglyndi og minnkað gæði svefns, sem ýtir undir vanlíðan.

Þegar maður skoðar samfélagsmiðla á aðventunni er auðvelt að fá það á tilfinninguna að allir séu að njóta aðdraganda jólanna. Allir séu búnir að gera allt og bíði bara komu jólanna í faðmi fjölskyldunnar með heitt kakó og jólasveinahatt. Það er þekkt að samfélagsmiðlar eru frábærir í að lækka sjálfstraust fólks og láta því líða eins og það skorti eitthvað eða sé að missa af einhverju.

Endalaust myrkur og kalt veður hefur heldur ekki jákvæð áhrif á geðheilsuna og margir finna fyrir þreytu og geðlægð á þessum tíma árs. Sumum þeirra finnst að þeir eigi að vera glaðir á þessum tíma og fá samviskubit.



Fólk hefur það misgott um jólin. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

## Ýmislegt til ráða

En það eru til ráð til að líða betur. Fyrsta skrefið er að deila tilfinningum sínum með einhverjum. Það bætir líðan að tala um tilfinningarnar og það er nauðsynlegur hluti af því að taka stjórn á geðheilsu sinni og halda henni góðri.

Það er mjög freistandi að loka sig af á þessum tíma árs og mörgum finnst erfitt að stunda líkamsrækt þegar dagarnir eru stuttir og kaldir. En rannsóknir sýna að hreyfing eykur vellíðan. Regluleg líkamsrækt eykur sjálfstraust og einbeitingu og bætir svefn og líðan.

Samfélagsmiðlar geta auðveldlega aukið vanlíðan, svo það er um að gera að taka hlé frá þeim og sjá hvaða áhrif það hefur. Það er betra að nota tímann fyrir sjálfan sig og gera eitthvað sem maður nýtur.

Það er mikilvægt að taka sér tíma til að huga að sjálfum sér og sinni geðheilsu. Það er gott að hafa fastan tíma þar sem hvíld er í forgangi og vera mjög meðvituð um hvernig við tölum við okkur sjálf. Ekki leyfa þér að segja ljóta hluti við sjálfan þig.

Það er líka mikilvægt að borða og drekka skynsamlega til að hafa ekki neikvæð áhrif á geðheilsuna. Mikill sykur og áfengi geta hæglega valdið bæði líkamlegri og andlegri vanlíðan.

Iðnaðarmenn og aðrir, kerrurnar frá HUMBAUR hafa margsannað sig á Íslandi!



Tveggjaöxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan. Verð kr. 431.452, - án vsk.



Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg, mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.



750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm með sturtum. Verð kr: 229,839,- án vsk.



750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 201,612.- án vsk.



750kg kerra, gerð 1376, mál: 205x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 169,355.- án vsk.



Startrailer 750kg, gerð 1280, 205x109, mál: 5x30cm. Verð kr: 120,888,- án vsk.

Nýtt á Íslandi frá WÖRMANN world of trailers kerrum



Krókhaysiskerra. 3500 kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.



Unilader. 2700-3500 kg heildarburður, sem véla og sturtukerra.

Topplausnir

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718
SMIÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI

# Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

**bilauppbod.is**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar til sölu



Góð Toyota Corolla árg. 2000. Ekinn 180.000. Skoðaður, ryðlaus. Verð aðeins 120.000 kr Uppl. 8478704 eða manninn@hotmail.com




### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

### Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.




Þjóðlagagítarpakki. Kr. 23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengjasett stillitæki og kennsluforrit. Opið alla daga til jóla. Gitarinn ehf Stórhöfða 27, S: 552 2125 www.gitarinn.is




Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsími: 867 6677




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!.. eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is






## Til sölu




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..
eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is






**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

**HÚSNÆÐI TIL LEIGU:**

165 fm húsnæði á götuhæð að Nýbýlavegi 8 með inngang og glugga að Nýbýlavegi. Húsnæðið hefur verið nýtt undir matvælaframleiðslu, og hentar afar vel undir veitingastað eða matvælaframleiðslu.

**Nánar: hafsteinn@lundurfasteignir.is**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Hönnun

**HÖNNUN**

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Atvinna

## Atvinna í boði

**LEIKSKÓLINN UNDRALAND EHF KÓPAVOGI**

Lítill leikskóli óskar eftir starfsmanni í 100% starf frá janúar - júlí 2018. Íslensku kunnátta skilyrði. Stundvísi, jákvæðni og áhugi í starfi.

**Uppl. í s. 554 0880 frá kl. 9-16**







## Nudd




Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is


JÓLIN NÁLGAST
BETRA BORGAR SIG!
FULLKOMNIR LITIR Á FULLKOMNUM SVÖRTUM
NÝ MÓDEL AF HÁGÆÐA RYKSUGUM FRÁ DYSON
JÓLAKAUPAUKI FYLGIR MEÐ SAECO KAFFIVÉLUM
LG OLED TV 4K
Active HDR
DOLBY VISION
EISA AWARD
JÓLAKAUPAUKI FYLGIR KITCHENAID
KitchenAid
SONOS
KitchenAid
SEVERIN
ENDALAUSIR MÖGULEIKAR
MORGUNTVENNA Á TILBOÐI!
HRAÐSUÐUKETILL OG BRAUÐRIST SAMAN Á AÐEINS 26.990 KR.
SONOS HLJÓÐKERFIN
HÁGÆÐA HLJÓÐLAUSNIR SEM TENGJAST SNJALLTÆKJUM
ÚRVAL AF AUKAHLUTUM
BREYTTU HRÆRIVÉLINNI T.D. Í PASTA- EÐA ÍSGERÐARVÉL
SEVERIN ELDHÚSTÆKI
FJÖLBREYTT ÚRVAL AF ELDHÚSTÆKJUM Á FRÁBÆRU VERÐI
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF ÞRÁÐLAUSUM JBL HÁTÖLURUM OG HEYRNARTÓLUM ER HJÁ OKKUR
NÝTT BOOMBOX FRÁ JBL
NÝ HEYRNARTÓL FRÁ JBL
EISA AWARD
EISA AWARD
JBL
HEYRNATÓL FRÁ 4.990 KR. OG HÁTALARAR FRÁ 2.690 KR.
BETRA BORGAR SIG
Opið Laugardag 10 – 20 | Sunnudag 10 – 20
Frá 18. desember verður opið til 22 alla daga til jóla.
RAFLAND
Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

# TÍMAMÓT



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Svanur Halldórsson**

varð bráðkvaddur á heimili sínu
þann 29. nóvember sl.
Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Hildur Fjóla Svansdóttir** **Ingvar Örn Ingvarsson**
**Steinunn Svansdóttir** **Jón Björn Njálsson**
**Gunnar Ingi Svansson** **Sunna Dóra Einarsdóttir**
**Ásdís Eva Svansdóttir** **Höskuldur Jónsson**
**og barnabörn.**

## Árleg hefð í aldarfjórðung

Kammerhópurinn Camerarctica leikur ljúfa tóna eftir meistara Mozart við kertaljós í 25. skipti í fjórum kirkjum á næstu dögum. „Við leikum tvö verk sem við vorum með á fyrstu tónleikunum fyrir 25 árum og höfum spilað á stórafmælum dagskrárinnar. Þau eru gullfalleg og það er alltaf áskorun að takast á við þau," segir Ármann Helgason, klarínettuleikari í Camerarcticu. Hópinn skipa að þessu sinni, auk hans, Hildigunnur Halldórsdóttir fiðluleikari, Bryndís Pálsdóttir fiðluleikari, Svava Bernharðsdóttir víóluleikari og Sigurður Halldórsson sellóleikari. Sérstakur gestur er Emelía Rós Sigfúsdóttir flautuleikari.

Fyrstu tónleikarnir eru í kvöld í Hafnarfjarðarkirkju, á morgun í Kópavogskirkju, í Garðakirkju 21. desember og í Dómkirkjunni 22. – **gun**



**„Við bröltum með kertin milli kirkna."**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Guðrún Björnsdóttir**
Giljalandi 15, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Bústaðakirkju
föstudaginn 29. desember kl. 13.

**Árni Gunnarsson**
**Sigríður Árnadóttir**
**Auður Þóra Árnadóttir** **Höskuldur Björnsson**
**og barnabörn.**



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Vilborg Guðjónsdóttir**
Miðtúni 42,

lést á Landspítalanum 10. desember
síðastliðinn. Útförin fer fram frá
Laugarneskirkju þriðjudaginn
19. desember kl. 13.00.

**Óskar Rafnsson** **Sólveig Hafsteinsdóttir**
**Ásta Karen Rafnsdóttir** **Birgir Gunnarsson**
**Kjartan Rafnsson**
**Sverrir Rafnsson** **Sigrún Garðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*




ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristjana Halla Ingólfsdóttir**
frá Kirkjubóli,
Dalbraut 14, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi
þriðjudaginn 12. desember.
Útför hennar fer fram frá Áskirkju fimmtudaginn
28. desember klukkan 13.00.

**Grímur Benediktsson**
**Benedikt G. Grímsson**
**Anna Inga Grímsdóttir** **Svanur Ingimundarson**
**Gunnar Rúnar Grímsson** **Ragna Þóra Karlsdóttir**
**Smári Gunnarsson** **Stephanie Thorpe**
**Grímur Gunnarsson**
**Sara Benediktsdóttir** **Albert Valur Albertsson**
**Lilja Karen Albertsdóttir**



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Hlín Kristinsdóttir**
Stóragerði 26,

andaðist á deild 11-E á LSH
þriðjudaginn 12. desember. Jarðsett
verður í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Blóm
og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar
er bent á krabbameinsfélagið. Sérstakar þakkir fær
starfsfólk 11-E og Karitas heimaþjónusta.

**Hreinn Jónsson**
**Helma Hreinsdóttir** **Elvar Björn Sigurðsson**
**Áslaug Halla Elvarsdóttir** **Emanúel Rafnsson**
**Sesselja Björg Elvarsdóttir**
**Guðmunda Hlín Elvarsdóttir**
**og langömmubörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Ingibjörg Dan Kristjánsdóttir**
Hraunvangi 3, Hafnarfirði,
áður Hágerði 2, Akureyri,

andaðist á Vífilsstaðaspítala miðvikudaginn
13. desember. Útför hennar fer fram í kyrrþey.

**Jóhann Guðmundsson** **Erla Valsdóttir**
**Inga Guðmundsdóttir** **Haraldur Ó. Tómasson**
**Kristján Þorgeir Guðmundsson** **Erna M. Viggósdóttir**
**Eydís Ýr Guðmundsdóttir** **Friðrik Rafnsson**
**Fjölnir Freyr Guðmundsson** **Jónína Guðjónsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, systir og amma,

**Þóra Þorsteinsdóttir**
áður til heimilis í Skarðshlíð 27d
á Akureyri,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð þann
1. desember sl. Útförin fór fram í kyrrþey að hennar
ósk. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta
Öldrunarheimili Akureyrar njóta þess.
Við þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

**Þórdís G. Þórhallsdóttir** **Flosi Kristinsson**
**Sigurlaug Sigurðardóttir** **Ari Laxdal**
**Jónína Þorsteinsdóttir**
**barnabörnin öll og fjölskyldur þeirra.**

**Kristín Þorleifsdóttir**

lést þann 8. desember síðastliðinn á heimili sínu.
Jarðarförin fer fram frá Dalvíkurkirkju
þann 21. desember kl. 13.30.

**Dagmann Ingvason, Lína Björk Ingólfsdóttir**
**Bryndís Pétursdóttir, Elmar Þór Pétursson**
**Kristín Magdalena Dagmannsdóttir**
**og Kara Guðbjörg Dagmannsdóttir**



Útför

**Magnúsar Snædal**

sem lést 3. desember, fer fram frá
Neskirkju föstudaginn
22. desember klukkan 13.
Blóm og kransar vinsamlegast
afþakkaðir.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Kári Magnússon**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Sigríður Eiríksdóttir**
Tungumel 19, Reyðarfirði,

andaðist á Uppsölum, dvalar- og
hjúkrunarheimilinu Fáskrúðsfirði,
14. desember. Útför hennar fer fram frá
Reyðarfjarðarkirkju miðvikudaginn 20. desember kl. 14.00.

**Eiríkur Ingi Arnþórsson** **Inga E. Tómasdóttir**
**Kjartan Þór Arnþórsson**
**Erna Arnþórsdóttir** **Sigurður E. Aðalsteinsson**
**Harpa Arnþórsdóttir** **Erlendur Tryggvason**
**Agnar Arnþórsson** **Sigríður Rut Hilmarsdóttir**
**Stefán Rúnar Garðarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Arnbjörn Kristinsson**
bókaútgefandi,
Mávanesi 9, Garðabæ,

andaðist aðfaranótt 13. desember.
Arnbjörn verður jarðsunginn frá
Bústaðakirkju í Reykjavík
miðvikudaginn 20. desember kl. 13.00.

**Ragnhildur Björnsson**
**Ágúst Arnbjörnsson** **Bertha Traustadóttir**
**Ásdís Arnbjörnsdóttir** **Aðalsteinn Jóhannsson**
**Árni Geir Björnsson** **Robyn Björnsson**
**Arinbjörn Arnbjörnsson** **Sigurlaug J. Kristjánsdóttir**
**og börn.**



Ástkær eiginmaður, faðir og afi,

**Gunnar Daníel Sæmundsson**
bóndi frá Broddadalsá,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands
á Hólmavík 15. desember sl.
Útför hans verður auglýst síðar.

**Kristjana Brynjólfsdóttir**
**og fjölskylda.**


Nú er ilmur
af greni í
gróðurhúsunum!
NÝTT
3.990,-/stk.
Jólatré, norðmannsþinur
H150-175cm
© Inter IKEA Systems B.V. 2017
Norðmannsþinur í úrvalsflokki
H125-150cm 2.590,-
H150-175cm 3.990,-
H175-200cm 5.590,-
IKEA
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Það verður allhvöss suð-vestanátt og éljagangur í dag, en bjartviðri norðaustan- og austanlands. Kólnar í veðri, hiti 0 til 4 stig eftir hádegi.







**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | | | | | 3 |
| | | 6 | | | 9 | 2 | | |
| 1 | | 8 | | | | | | 9 |
| | 2 | 9 | | 1 | | 7 | 3 | |
| 3 | | | 7 | | 6 | | 9 | |
| 5 | 6 | | | 3 | | 1 | | 4 |
| | | 1 | | 5 | | | | 7 |
| | 8 | | 3 | 4 | | | | |
| 6 | | | 2 | | | 8 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 9 | 4 | | | 5 |
| | | 1 | | | 8 | 4 | 9 | |
| | | 6 | | 2 | | 7 | 3 | |
| | | 4 | 2 | | 6 | | | |
| 5 | 6 | 2 | | 8 | | | 4 | |
| 1 | | | | | | | | 9 |
| 4 | | | | | | 9 | | |
| | | | | | | 5 | 7 | 2 |
| | | 5 | 9 | 3 | | 1 | 8 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 3 | | | |
| 2 | | | | 5 | 6 | | 1 | |
| 3 | | | 7 | | | | 8 | 4 |
| 7 | | 2 | | | 4 | | | 5 |
| 9 | | | 3 | 7 | | | | |
| | | | 9 | | | 4 | 6 | |
| | | 3 | | | 8 | 5 | | |
| 4 | | | 1 | | | 6 | | |
| | | 9 | | | 2 | | | 8 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. fyrirhöfn
6. í röð
8. eyrir
9. blóm
11. gelt
12. bolur
14. einkennis
16. pot
17. dá
18. efni
20. íþróttafélag
21. sáðjörð

**LÓÐRÉTT**
1. erindi
3. skóli
4. brá
5. bar
7. skóhljóð
10. seyði
13. fley
15. flóki
16. munda
19. tveir eins



**LÁRÉTT:** 2. ómak, 6. ef, 8. aur, 9. rós, 11. gá, 12. stofn, 14. aðals, 16. ot, 17. rot, 18. tau, 20. kr, 21. akur.
**LÓÐRÉTT:** 1. vers, 3. ma, 4. augnlok, 5. krá, 7. fótatak, 10. soð, 13. far, 15. strý, 16. ota, 19. uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Anderssen átti leik gegn Zukertort í Breslau árið 1862.
**Hvítur á leik**
**1. Rf5!! Hfe8** (1. ... Dxg5 2. Re7#)
**2. Re7+ Hxe7 3. fxe7 Dd6**
**4. Be5 1-0.**
Fjölmennt Jólapakkamót Hugins fór fram í Álfhólsskóla á sunnudaginn.

**www.skak.is.** Nýjar skákfréttir.




| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 6 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 8 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 2 | 5 | 8 | 9 | 6 | 4 | 1 | 7 | 3 |
| 3 | 7 | 9 | 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 |
| 6 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | 8 | 2 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 3 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 | 8 |
| 7 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 3 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 4 | 7 |
| 4 | 1 | 6 | 8 | 2 | 7 | 3 | 5 | 9 |
| 2 | 3 | 7 | 4 | 9 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 5 | 4 | 8 | 2 | 7 | 1 | 6 | 9 | 3 |
| 3 | 6 | 9 | 5 | 8 | 4 | 1 | 7 | 2 |
| 7 | 2 | 1 | 9 | 6 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 6 | 8 | 3 | 7 | 5 | 2 | 9 | 1 | 4 |
| 9 | 7 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 2 | 6 |
| 1 | 5 | 2 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 1 | 5 | 7 | 3 | 6 | 8 | 4 |
| 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 3 | 8 | 5 | 2 | 9 | 7 | 6 |
| 7 | 8 | 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 3 | 5 |
| 1 | 6 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 |
| 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 8 | 1 | 9 | 2 |
| 3 | 9 | 2 | 7 | 1 | 5 | 4 | 6 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.









## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP
Meira
svona
alla daga

# GJAFIR SEM GLEÐJA ALLA






20% afsláttur

Borðspil - Beint í mark
TILBOÐSVERÐ: 6.399.-
Verð áður: 7.999.-




Handbók um minni og gleymsku
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 6.299.-




Þrautgóðir á ruanastund
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 6.999.-




Sjö stuttir fyrirlestrar um eðlisfræði
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.999.-

30% afsláttur



LX Pennar
LAMY
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 3.359.-
Verð áður frá: 4.799.-




30% afsláttur

CROSS minnisbók 3CPO
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð áður: 4.999.-




30% afsláttur

CROSS kúlupenni BB8
TILBOÐSVERÐ: 4.199.-
Verð áður: 5.999.-




CROSS StarWars minnisbók + penni
TILBOÐSVERÐ: 6.999.-
Verð áður: 9.999.-

25% afsláttur



Lampi - Octacon One
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 11.249.-
Verð áður: 14.999.-




30% afsláttur

Jólapúsl (160 bita)
TILBOÐSVERÐ: 1.224.-
Verð áður: 1.749.-




30% afsláttur

Jólapúsl (1000 bita)
TILBOÐSVERÐ: 2.078.-
Verð áður: 2.969.-

30% afsláttur




Samanbrjótanlegt skáksett úr við
TILBOÐSVERÐ: 5.949.-
Verð áður: 8.499.-




Tokyo Style Guide
Verð: 4.299.-




Visual Atlas of the World
Verð: 15.999.-




MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!



NÝR VEFUR!
20.000 bækur! 1.500 pennar og blýantar!
MIKIÐ MAGN AF GJAFVÖRUM OG HÚSGÖGNUM!
WWW.PENNINN.IS

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON




**Sígildir bílar í máli og myndum**
**TILBOÐSVERÐ: 6.599.-**
Verð áður: 8.999.-




**Pipraðir páfuglar**
**TILBOÐSVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 3.899.-




**Ævintýri Lísu í Undralandi**
**TILBOÐSVERÐ: 4.599.-**
Verð áður: 6.199.-




**Elín, ýmislegt**
**TILBOÐSVERÐ: 4.699.-**
Verð áður: 6.499.-




**Napóleon**
**TILBOÐSVERÐ: 3.699.-**
Verð áður: 4.899.-




**Borðspil - Mitt fyrsta Alias**
**TILBOÐSVERÐ: 6.399.-**
Verð áður: 7.999.-




**Borðspil - Alvöru skellur**
**TILBOÐSVERÐ: 6.399.-**
Verð áður: 7.999.-




**3D lampi - Kaktus**
**TILBOÐSVERÐ: 12.749.-**
Verð áður: 14.999.-




**3D lampi - Hauskúpa**
**TILBOÐSVERÐ: 12.749.-**
Verð áður: 14.999.-




**Borðspil - Ég veit**
**TILBOÐSVERÐ: 6.399.-**
Verð áður: 7.999.-








**Lampi - Refur**
Verð: 11.999.-



**Lampi - Múmínsnáði**
Verð: 4.999.-




**New York Portrait of a City**
Verð: 9.999.-

**CROSS sett - Kúlupenni og skrúfblýantur**
**TILBOÐSVERÐ: 15.399.-**
Verð áður: 21.999.-

**Skartgripatré ýmsir litir**
Verð: 7.999.-



**Næturljós**
Verð: 6.999.-


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 20. desember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# MENNING

## Kunnugleg jólalög lenda í djasshakkavélinni

**Litlu Kexdjassjól Flosason fjölskyldunnar verða haldin í kvöld á Kexi Hosteli. Feðginin Sigurður og Anna Gréta, ásamt Þorgrími Jónssyni jólasveini og Gunnlaugi Briem jólaketti, ætla þá að ganga í skrokk á jólalögunum.**

Við munum fara misvel með ýmsa þekkta jólasmelli, bæði gamla og nýrri, popp og djass. Það er svo mikið af tónlist sem tilheyrir þessum árstíma sem gaman er að fara með í ýmsar áttir,“ segir djassarinn Sigurður Flosason sem leiðir jóladjasssveit Flosason fjölskyldunnar á Kexi Hosteli í kvöld. Hann nefnir lögin Jólin eru að koma, Ég hlakka svo til, Ó Grýla, Þú komst með jólin til mín og fleiri kunnugleg lög sem munu lenda í djasshakkavélinni og kannski aldrei bíða þess bætur, að sögn Sigurðar. „Jólakötturinn verður líka fyrir djassofbeldi og það er óvíst að jólasveinarnir beri nokkurn tíma aftur sitt barr,“ segir hann hlæjandi.



Feðginin Anna Gréta og Sigurður nota hvert tækifæri sem gefst til að spila djass saman. MYND MAGNÚS ANDERSEN

Með Sigurði er Anna Gréta dóttir hans, píanóleikari, og auk þeirra feðgina er sveitin að þessu sinni skipuð þeim Þorgrími Jónssyni og Gunnlaugi Briem, sem Sigurður titlar jólasvein og jólakött!

Anna Gréta býr í Stokkhólmi. Þar er hún á fjórða og síðasta ári í framhaldsnámi í djasspíanóleik en er komin heim í jólafrí. „Við reynum alltaf að nota tækifærin þegar við hittumst og spila saman, ýmist hér heima eða úti. Við höfum komið fram í klúbbum í Stokkhólmi og í sumar vorum við í seríu með djass í almenningsgörðum, það er gaman þegar gott er veður en minna gaman þegar mikið rignir sem gerist stundum líka.“

Ekki segir Sigurður Önnu Grétu þó koma með sænskt þema inn í Litlu Kexdjassjólin heldur sé dagskráin meira íslensk/amerísk. „Þetta eru allt lög sem sungin eru með íslenskum textum en eru nú flutt instrúmentalt og spunnið út frá þeim eins og fara gerir í djassinum, settir einhverjir nýir ryþmar og svoleiðis.“ Spurður hvort allt sé blandað á staðnum svarar hann: „Nei, þetta eru litlar útsetningar sem við höfum gert og endurhljómsett, æft og undirbúið – rándýrt alveg! En alltaf er viss partur sem gerist á staðnum, eðli málsins samkvæmt.“

**JÓLAKÖTTURINN VERÐUR LÍKA FYRIR DJASSOFBELDI OG ÞAÐ ER ÓVÍST AÐ JÓLASVEINARNIR BERI NOKKURN TÍMA AFTUR SITT BARR.**

Kex Hostel er á Skúlagötu 28. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 og aðgangur er ókeypis.

gun@frettabladid.is







## Rómeó og Júlía í Leipzig

**BÆKUR**

**Ekki gleyma mér**

★★★☆☆

**Kristín Jóhannsdóttir**

**Bjartur**
**Kápa:** Jón Ásgeir
**283 bls.**
**Prentuð í Finnlandi**

Árið 1987 bjó ung, íslensk stúlka í Austur-Þýskalandi í nokkra mánuði og kynntist manni sem hún lýsir svo á bókarkápu: „Hann hafði verið maðurinn í lífi mínu, með honum átti ég fallegustu og æðisgengnustu daga og nætur ævinnar á dögum undirliggjandi ótta og einræðisstjórnar Þýska alþýðulýðveldisins. Af hverju hvarf hann fyrirvaralaust úr lífi mínu?“

Í bókinni Ekki gleyma mér lýsir Kristín Jóhannsdóttir þessu ástarævintýri sem átti eftir að hafa djúpstæð áhrif á líf hennar, kynnum sínum af hinum dularfulla og ómótstæðilega Sebastian sem var heill og sannur þegar hann var með henni en aðrir hlutar lífs hans voru óræðir og leyndardómsfullir sem varð til þess að þegar hún leit til baka mörgum árum síðar varð henni ljóst að hún yrði að fá svarið við því af hverju hann hvarf þegar hún þarfnaðist hans mest. Hún leggur því af stað til Leipzig til að rekja þræði og slóðir úr hinu gamla Austur-Þýskalandi þar sem allt var skrásett og enginn vissi hver fylgdist með öðrum.




Þetta er sönn saga og mjög persónuleg bók, má jafnvel segja að hún sé ævisöguleg, þó hún reki kannski ekki nema hluta lífs höfundar þá er það sá hluti sem mest áhrif hefur haft á líf hennar. Höfundur styðst við nákvæmar dagbækur sem hún hélt á þessum árum og tekst þannig að draga upp mjög áhugaverða og sannfærandi mynd af daglegu lífi í Austur-Þýskalandi á árunum áður en Berlínarmúrinn féll. Hún lýsir fábreyttu vöruúrvali, jafnvel skorti, á meðan voru starfræktar verslanir þar sem allt fékkst en aðeins var hægt að versla fyrir erlenda gjaldmiðla. Öllu alvarlegri voru þó njósnirnar sem allir vissu af en enginn ræddi um, sú staðreynd að haldnar voru skýrslur um minnstu hreyfingu hvers og eins, bæði erlendra gesta sem heimamanna, og út frá því teknar ákvarðanir um framtíð og tækifæri viðkomandi.

Það er eiginlega þessi hluti bókarinnar sem er áhugaverðastur þó sagan af elskendunum sem hefði næstum verið hægt að líma utan á umslagið af Heroes David Bowie sé vissulega markverð fyrir margra hluta sakir. Höfundur starfaði árum saman sem blaðamaður og pistlahöfundur og henni lætur betur að lýsa umhverfi, staðháttum og atburðum en tilfinningum. Stundum leyfir hún dagbókinni að tala og það er einna helst í þeim köflum sem lesandinn kemst næst því að hrífast með af tilfinningum og persónuleika elskendanna.

Bókin er eins og áður sagði sjálfsævisöguleg og eins og stundum vill verða í slíkum bókum gerist það að eins konar glufa eða eyðiland verður milli sannleikans og frásagnarinnar sem lesandinn finnur fyrir, einhver fjarlægð sem stundum verður til þess að lesandinn nær ekki að lifa sig inn í atburðarásina. Dagbækur Kristínar hjálpa henni vafalaust að halda sig við sannleikann og staðreyndirnar en það má aðeins velta fyrir sér hvort frásögn þar sem heitar og sterkar tilfinningar leika svo stórt hlutverk hefði þurft aðeins meira krydd eða safa þó slíkt hafi mögulega ekki verið fyrir hendi í hinum skrásetta veruleika. Það breytir því ekki að sagan er spennandi og rígheldur lesandanum, ekki hvað síst vegna sögu elskendanna og örlaga þeirra. **Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Áhugaverð bók en hefði þurft aðeins meira krydd í tilfinningalíf persónanna.

# ÚRVALSBÆKUR
## VIÐ ALLRA HÆFI




























**SKRUDDA**









SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| STAR WARS 3D | KL. 3:50 - 4:50 - 7 - 8 - 10:10 - 11:10 | 12 |
| STAR WARS 2D VIP | KL. 4:50 - 8 - 11:10 | VIP |
| DADDY'S HOME 2 | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 6 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 3:20 - 5:40 | L |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| THOR: RAGNAROK 2D | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 3:20 | L |

KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| STAR WARS 3D | KL. 5:30 - 9 | 12 |
| STAR WARS 2D | KL. 4 - 7:30 - 10:40 | 12 |
| DADDY'S HOME 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 6 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 8 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| STAR WARS 3D | KL. 4:20 - 7:30 - 10:40 | 12 |
| STAR WARS 2D | KL. 10:20 | 12 |
| DADDY'S HOME 2 | KL. 8 | 6 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| STAR WARS 3D | KL. 4:20 - 7:30 - 10:40 | 12 |
| STAR WARS 2D | KL. 6 - 9:10 | 12 |
| DADDY'S HOME 2 | KL. 8 | 6 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 3:40 - 5:40 | L |
| JUSTICE LEAGUE 2D | KL. 10:20 | 12 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| STAR WARS 3D | KL. 5:20 - 8:30 | 12 |
| STAR WARS 2D | KL. 10:20 | 12 |
| DADDY'S HOME 2 | KL. 8 | 6 |
| COCO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |






Góða skemmtun í bíó


# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 19. DESEMBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Janis Joplin 75 ára
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gamla bíó
Þann 19. janúar 2018 hefði söngkonan Janis Joplin orðið 75 ára gömul. Af því tilefni hafa útvarpskonan Andrea Jónsdóttir og tónlistarmaðurinn Ingi Björn Ingason í samstarfi við Mekka Wine & Spirits smalað saman hópi af okkar færustu söngkonum og hljóðfæraleikurum til að flytja lög Janisar á stórtónleikum. Þær söngkonur sem koma fram eru Andrea Gylfa, Salka Sól, Bryndís Ásmunds, Stefanía Svavars og Lay Low. Amma rokksins á Íslandi, Andrea Jónsdóttir, mun svo eflaust stíga upp á svið með skemmtilegan fróðleik um Janis og skála við salinn um leið.

**Hvað?** Mozart við kertaljós í 25. sinn
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hafnarfjarðarkirkja
Kammerhópurinn Camerarctica heldur sína árlegu kertaljósatónleika í kirkjum nú rétt fyrir jólin. Hópurinn hefur leikið ljúfa tónlist eftir Mozart við kertaljós í tuttugu og fjögur ár og verður þetta því í tuttugasta og fimmta skiptið sem þessi tónleikaröð er haldin og þykir mörgum ómissandi að koma úr miðri jólaösinni inn í kyrrðina og kertaljósin í rökkrinu.

**Hvað?** Litlu Kexjazzjól Flosasonfjölskyldunnar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Í kvöld verða hin árlegu Litlu-Kexjazzjól haldin hátíðlega á Kex Hosteli, Skúlagötu 28. Feðginin Sigurður Flosason saxófónleikari og Anna Gréta Sigurðardóttir píanóleikari leiða jólajazzsveit Flosasonfjölskyldunnar sem auk þeirra er að þessu sinni er skipuð þeim Þorgrími Jónssyni jólasveini og Gunnlaugi Briem jólaketti.



Salka Sól og fleiri söngkonur heiðra minningu Janis Joplin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Högni spilar á Bryggjunni í Grindavík í kvöld.

**Hvað?** Högni og Roforofo í Grindavík
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bryggjan kaffihús, Grindavík
Tónlistarmaðurinn Högni og hljómsveitin Roforofo ætla að halda tónleika á Bryggjunni í Grindavík. Högni er landsmönnum kunnur sem söngvari hljómsveitanna Hjaltalín og GusGus en var nú að gefa út sína fyrstu sólóplötu sem ber heitið Two Trains. Roforofo er ný hljómsveit tónlistarmannsins Ómars Guðjónssonar og hins þýska trommuleikara Tommy Baldu. Þeir gáfu út sína fyrstu plötu í lok október. Ómar Guðjónsson þekkja flestir fyrir gítarleik sinn, en hann hefur verið í fremstu röð íslenskra gítarleikara í þó nokkur ár, en í Roforofo stígur hann einnig fram sem söngvari.

### Viðburðir

**Hvað?** Útgáfuboð og fyrirlestur í tilefni af útkomu 2. tbl. 14. árg. Tímarits um viðskipti og efnahagsmál
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Háskólatorg
Við opnunina kynna Freyja Gunnlaugsdóttir og Runólfur Smári Steinþórsson grein sína sem er meðal efnis í tímaritinu. Fyrirspurnir og umræður verða að loknu erindi þeirra og síðan verður boðið upp á léttar veitingar.

**Hvað?** Jólatorgið í Hjartagarðinum
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hjartagarðurinn, Laugavegi
Verið velkomin á Jólatorgið í Hjartagarðinum sem verður opið alla daga fram að jólum. Fjölbreytt handverk, götugómsæti, söngur og gleði. Kíktu í jólastemninguna í Hjartagarðinum og gæddu þér á heitu súkkulaði eða jólaglöggi og taktu þátt í alvöru jólamarkaði að evrópskri fyrirmynd. Sjáumst í Hjartagarðinum á aðventunni.




Bros auglýsingavörur með þínu merki
Skoðaðu litríkt úrval á bros.is
Bros auglýsingavörur, Norðlingabraut 14.
BROS AUGLÝSINGAVÖRUR – með þínu merki





Sofðu rótt í alla nótt
rekkjan HEILSURÚM






BIO PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Mother! | 17:30 |
| Undir Trénu ENG SUB. | 18:00 |
| The Party | 20:00, 22:15 |
| The Killing of a Sacred Deer | 20:00, 22:00 |
| Listy Do M3 ENG SUB. | 20:00 |
| Atvikið á Nile Hilton hótelinu | 22:15 |





STUÐMENN
KYNNA SPLUNKNÝJA PLÖTU SEM KEMUR ÚT Í DAG!
HÚN HEITIR
ÁSGEIR ÓSKARSSON
OG ER Í FORMI ASTRALTERTUKUBBS SEM FÆST Í ÖLLUM HELSTU
HLJÓMPLÖTUVERSLUNUM , BÓKAVERSLUNUM OG STÓRMÖRKUÐUM LANDSINS.
TAKMARKAÐ UPPLAG!
LÖGUNUM HEFUR VERIÐ LÝST SEM 11 KOSMÍSKUM KRÖFTUM, ÞEIRRA Á MEÐAL ERU LÖGIN ÖRSTUTT LAG, VOR FYRIR VESTAN, ESTER BEST ER OG TITILLAGIÐ ÁSGEIR ÓSKARSSON.
PENNINN EYMUNDSSON – 12 TÓNAR
SMEKKLEYSA –LUCKY RECORDS - HAGKAUP
EINNIG ER HÆGT AÐ PANTA GRIPINN MEÐÞVÍ AÐ FARA INN Á FACEBOOK.COM/STUDMENN EÐA Á STUDMENN.IS




AÐVENTAN MEÐ VÖLU MATT.
KL. 20:20
Skemmtilegur lokaþáttur þar sem Vala Matt. fer með okkur í ferðalag um undraveröld jólanna eins og henni einni er lagið á aðventunni. Innanhússarkitektar og stílistar sýna okkur það nýjasta í jólaskreytingum og margt fleira jólalegt og skemmtilegt.

Þrælgott
**Þriðjudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

REBECKA MARTINSSON
KL. 20:50
Rebecka Martinsson er snjall lögfræðingur sem snýr aftur heim á æskuslóðir sínar eftir að vinkona hennar deyr við afar grunsamlegar aðstæður.



BLINDSPOT
KL. 21:40
Skemmtilegir og stórgóðir spennuþættir um hina eitursnjöllu Jane Doe og félaga hennar hjá FBI.






KNIGHTFALL
KL. 22:25
Ævintýraleg og spennandi þáttasería sem fjallar um síðustu daga riddara Musterisreglunnar á 14. öld.

HELL OR HIGH WATER
KL. 22:00
Fráskilinn faðir og bróðir hans, fyrrverandi tugthúslimur, ákveða að fremja bankarán til að forða heimili sínu og fjölskylduarfi úr klóm lánardrottna.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is



# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.20 Teen Titans Go!**
**07.45 The Middle**
**08.10 Mike & Molly**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Jamie's 30 Minute Meals**
**10.40 Undateable**
**11.10 Mr. Selfridge**
**12.00 Lóa Pind: Bara geðveik**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 World of Dance**
**13.45 World of Dance**
**14.30 World of Dance**
**15.15 Jamie's Night Before Christmas**
**16.05 Friends**
**16.30 Simpson-fjölskyldan**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.25 Fréttayfirlit og veður**
**19.30 Anger Management** Fimmta syrpa þessara skemmtilegu gamanþátta með Charlie Sheen í aðalhlutverki og fjallar um Charlie Goodson, sem er skikkaður til að leita sér aðstoðar eftir að hafa gengið í skrokk á kærasta fyrrverandi eiginkonu sinnar.
**19.55 Modern Family**
**20.20 Aðventan með Völu Matt** Stórgóðir þættir með Völu Matt þar sem við fáum hugmyndir um það hvernig við getum haft það notalegt á aðventunni og jólunum. Flottir hönnuðir og einstaklingar gefa okkur hugmyndir að fallegum jólaskreytingum heimilisins. Innanhússarkitekt gefur litaráðgjöf til að mála fyrir jólin. Við sjáum hvernig við getum pakkað inn jólagjöfunum á fallegan og óvenjulegan hátt. Skoðum hvernig við getum skreytt jólaborðin. Við fáum leiðbeiningar til að minnka jólastressið.
**20.50 Rebecka Martinsson**
**21.40 Blindspot**
**22.25 Knightfall**
**23.10 Black Widows**
**23.55 Ten Days in the Valley**
**01.25 At Any Price**
**03.10 The Girl in the Book**
**04.35 Queen Sugar**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.30 Everton - Swansea**
**09.10 FH - Haukar**
**10.40 Seinni bylgjan**
**12.10 Spænsku mörkin**
**12.40 Football League Show**
**13.10 Augsburg - Freiburg**
**14.50 Stuttgart - B. München**
**16.35 Everton - Swansea**
**18.15 Þýsku mörkin**
**18.45 Premier League Review**
**19.40 Arsenal - West Ham United**
**21.45 UFC Fight Night: Lawler Vs. Dos Anjos**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**06.30 Arsenal - Newcastle**
**08.15 Stoke - West Ham**
**09.55 Manch. City - Tottenham**
**11.40 Leicester - Crystal Palace**
**13.25 Stjarnan - Grótta**
**14.50 Domino's-körfuboltakvöld**
**16.40 FH - Haukar**
**18.10 Seinni bylgjan**
**19.40 Leicester City - Manch. City**
**21.45 Chelsea - Southampton**
**23.30 Arsenal - West Ham United**

## STÖÐ 3

**17.15 Gilmore Girls**
**18.05 The Big Bang Theory**
**18.30 Fresh off the Boat**
**19.00 Modern Family**
**19.30 Seinfeld**
**20.00 Friends**
**20.25 World's Strictest Parents**
**21.25 The Last Man on Earth**
**21.50 Sleepy Hollow**
**22.35 The Strain**
**23.20 Flash**
**00.40 Modern Family**
**01.05 Seinfeld**
**01.30 Friends**
**01.55 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.05 Dóra könnuður**
**07.29 Mörgæsirnar**
**07.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveinsson**
**08.49 Lalli**
**08.55 Rasmus Klumpur**
**09.00 Strumparnir**
**09.25 Hvellur keppnisbíll**
**09.37 Ævintýraferðin**
**09.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.00 Stóri og Litli**
**10.13 Víkingurinn Viggó**
**10.27 K3**
**10.38 Mæja býfluga**
**10.50 Elías**
**11.00 Dóra könnuður**
**11.24 Mörgæsirnar**
**11.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveinsson**
**12.49 Lalli**
**12.55 Rasmus Klumpur**
**13.00 Strumparnir**
**13.25 Hvellur keppnisbíll**
**13.37 Ævintýraferðin**
**13.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.00 Stóri og Litli**
**14.13 Víkingurinn Viggó**
**14.27 K3**
**14.38 Mæja býfluga**
**14.50 Elías**
**15.00 Dóra könnuður**
**15.24 Mörgæsirnar**
**15.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveinsson**
**16.49 Lalli**
**16.55 Rasmus Klumpur**
**17.00 Strumparnir**
**17.25 Hvellur keppnisbíll**
**17.37 Ævintýraferðin**
**17.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.00 Stóri og Litli**
**18.13 Víkingurinn Viggó**
**18.27 K3**
**18.38 Mæja býfluga**
**18.50 Elías**
**19.00 Jóladagatal Afa**
**19.05 Arthúr 2**



**Dóra könnuður kl. 07.05, 11.00 og 15.00**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Waste Management Phoenix Open**
**10.20 PGA Highlights**
**11.15 2017 Playoffs Official Film**
**12.05 Arnold Palmer Invitational**
**14.45 PGA Highlights**
**15.40 RBC Heritagete**
**20.30 Golfing World**
**21.20 2017 Playoffs Official Film**
**22.10 Golfing World**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**03.00 The Danish Girl**
**11.30 Tumbledown**
**13.15 Phil Spector**
**14.45 Ghostbusters**
**16.40 Tumbledown**
**18.25 Phil Spector**
**20.00 Ghostbusters**
**22.00 Hell or High Water** Spennumynd frá 2016 með Chris Pine og Jeff Bridges. Fráskilinn faðir og bróðir hans, sem er tiltölulega nýsloppinn úr fangelsi, ákveða að fremja bankarán til að forða heimili sínu og fjölskylduarfinum frá því að lenda í klóm lánardrottna.
**23.45 99 Homes**
**01.35 A Girl Interrupted** Mögnuð kvikmynd sem færði Angelinu Jolie Óskarsverðlaunin. Sagan gerist í Bandaríkjunum eftir miðjan sjöunda áratuginn. Susanna er 17 ára stúlka sem á erfitt með að fóta sig í lífinu. Hún er vistuð á geðsjúkrahúsi þar sem sjúklingarnir eiga við ólík vandamál að stríða. Lisa er í þeim hópi en kynnin við hana hafa djúpstæð áhrif á Susönnu.
**03.40 Hell or High Water**

## RÚV

**15.35 Soffía prinsessa**
**16.20 Aðstoðarmenn jólasveinanna**
**16.30 Menningin – samantekt**
**16.50 Íslendingar**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Kata og Mummi**
**18.23 Skógargengið**
**18.25 Jóladagatalið: Snæholt**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Kastljós og Menningin**
**20.05 Aðstoðarmenn jólasveinanna**
**20.15 Einfalt með Nigellu**
**20.50 Fjandans hommi**
**21.25 Á vettvangi í Norður-Kóreu**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Myrkraengill**
**23.10 Versalir**
**00.05 Kastljós og Menningin**
**00.25 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.23 Dr. Phil**
**09.09 The Tonight Show**
**09.57 The Late Late Show**
**10.40 Síminn + Spotify**
**13.00 Dr. Phil**
**13.42 Extra Gear**
**14.14 Top Chef**
**15.10 Life in Pieces**
**15.35 Survivor**
**16.22 Everybody Loves Raymond**
**16.46 King of Queens**
**17.10 How I Met Your Mother**
**17.33 Dr. Phil**
**18.16 The Tonight Show**
**19.02 The Late Late Show**
**19.50 Will & Grace**
**20.20 Það er kominn jólamatur**
**21.00 Salvation**
**21.50 Salvation**
**22.35 Difficult People**
**23.05 The Tonight Show**
**23.45 The Late Late Show**
**01.10 The Good Fight**
**01.55 Wisdom of the Crowd**
**02.40 Law & Order True Crime: The Menendez Murders**
**03.25 Better Things**
**03.55 Salvation**
**04.40 Salvation**
**05.25 Difficult People**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
blómaval
Jóla
ÚTSALA
40%
afsláttur
Allar seríur
og jólavörur*
Opið til kl. 22:00 í Skútuvogi alla daga til jóla
blómaval
Jólagjafir
TAX FREE
Öll verkfæri, búsáhöld,
smáraftæki og fatnaður**
TAX FREE Verkfæri
TAX FREE Búsáhöld
TAX FREE Smáraftæki
TAX FREE Fatnaður
TAX FREE
Electrolux
9.186kr
11.390kr
Blandari Creative
600W, glerkanna.
1829114
-27%
BLACK&DECKER
10.995kr
14.995kr
Hleðsluborvél 10,8V
2 stk., 1.5Ah. Li-ion rafhlaða.
5245565
TAX FREE
taylor's eye witness
8.057kr
9.990kr
Hnífasett
5 stk., kopar í standi.
2007605
Húsasmiðjan og Blómaval ... frábær saman
husa.is
*Afsláttur gildir ekki af lifandi jólatrjám, jólatrésfótum, lifandi greni og jólaskreytingum. **Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti af almennum vörum og 9,91% af matvörum.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs. Gildir ekki af Kitchen Aid eða vörum merktum „lægsta lága verði Húsasmiðjunnar

# Eftirminnilegustu kjólar ársins 2017

Nú þegar styttist í áramótin er gaman að líta til baka og rifja upp nokkur eftirminnileg dress. Margir kjólar vöktu athygli á rauða dreglinum á árinu sem er að líða og þetta eru nokkrir þeirra.

## NICOLE KIDMAN Í GUCCI



Græni Gucci-kjóllinn sem Nicole Kidman klæddist á SAG-verðlaunahátíðinni í upphafi árs vakti mikla athygli. Kjóllinn kom Kidman á lista margra yfir verst klæddu stjörnur hátíðarinnar og í fjölmiðlum var kjólnum gjarnan líkt við dýragarð eða frumskóg.

## KENDALL JENNER Í LA PERLA



Fyrirsætan Kendall Jenner klæddist gegnsæjum kjól á Met Gala-hátíðinni í sumar og vakti að sjálfsögðu athygli. Kjóllinn, sem var skreyttur 85.000 kristöllum, tryggði Kendall sæti á nokkrum listum yfir þau verst klæddu.

## ZOE KRAVITZ Í DIOR



Flestir virtust sammála um að leikkonan Zoe Kravits hefði unnið tískusigur á Emmy-hátíðinni í september. „Litirnir og áferðin á efninu klæddi hana ótrúlega vel, og setti hálsmenið punktinn yfir i-ið. Karakter hennar skein í gegn í þessum kjól, en hún er svo mikill töffari," sagði Edda Gunnlaugsdóttir, aðstoðartískuritstjóri Glamour.

## JANELLE MONAE Í ELIE SAAB



Það voru skiptar skoðanir um Elie Saab-kjólinn sem Janelle Monae klæddist á Óskarnum. Sumir voru yfir sig hrifnir af honum á meðan öðrum þótti hann mislukkaður. „Eins mikið og ég held upp á Janelle, þá var þetta dress því miður aðeins of mikið af öllu," sagði Hildur Ragnarsdóttir, álitsgjafi Fréttablaðsins, um kjólinn.





## DAKOTA JOHNSON Í GUCCI

Kjóllinn sem Dakota Johnson klæddist á Óskarnum í febrúar fékk misjöfn viðbrögð frá tískuspekúlöntum. Sumum þótti hann hrikalegur á meðan aðrir elskuðu hann. „Ég elska Gucci en kjóllinn sem Dakota Johnson var í var ekki góður 1920's-kjóll. Hann var eiginlega eins og kjóllinn sem Sandra Bullock þurfti að gifta sig í (áður en hún breytti honum) í Proposal. Eins var liturinn ekki góður fyrir hana," sagði Gunnar Hilmarsson, álitsgjafi Fréttablaðsins, á sínum tíma.

## CARA DELEVINGNE Í CHANEL

Fyrirsætan Cara Delevingne klæddist silfurlitaðri dragt frá Chanel á Met Gala-hátíðinni. Dragtin vakti athygli en þó ekki eins mikla og skallinn á Cöru sem var málaður með silfurmálningu og skreyttur með skrautsteinum. Cara fékk mikið hrós fyrir að fara þessa frumlegu leið.

## NATALIE PORTMAN Í PRADA



„Vintage" Prada-kjóllinn sem Natalie Portman klæddist á Golden Globe-hátíðinni tryggði henni sæti á listum yfir bæði þær best og verst klæddu. Sumir tískuspekúlantar vildu meina að hún hefði stigið stórt feilspor með því að klæðast kjólnum en aðrir voru hrifnir. Eitt er víst, kjóllinn vakti umtal.

## PRIYANKA CHOPRA Í RALPH LAUREN



Leikkonan Priyanka Chopra vakti mikla athygli í kjól frá Ralph Lauren á Met Gala-hátíðinni í sumar. Það virtust allir hafa skoðun á kjólnum sem líktist einna helst risastórum rykfrakka. Kjóllinn vakti bæði lukku og undrun og netverjar gerðu mikið grín að kjólnum dagana á eftir.

## DION Í STEPHANE ROLLAND



2017 var sannkallað tískuár fyrir söngkonuna Celine Dion. Hún klæddist ótal kjólum sem vöktu athygli en hvíti Stephane Rolland-kjóllinn sem hún klæddist á Billboard-hátíðinni í sumar vakti hvað mesta athygli enda einstakur í sniðinu.

## RIHANNA Í DIOR



Eins og Rihönnu einni er lagið vakti hún mikla eftirtekt á rauða dreglinum á Cannes-hátíðinni í sumar. Hún klæddist hvítum kjól frá Dior en punkturinn yfir i-ið voru hvítu Andy Wolf-sólgleraugun sem hún var með. Þetta dress tryggði Rihönnu mikið hrós frá sérfróðum á sviði tísku og hönnunar.

SÚPUHUMAR & STÓR HUMAR
VERÐ FRÁ 3.600 kr.kg
Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1

VERÖLD HVÍLDAR – BETRA BAK LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

# FRÁBÆR JÓLATILBOÐ




## DÚNMJÚKAR GJAFIR FYRIR ÞÁ SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM



### DANA DREAM MEDIUM
Hlý og létt dúnsæng (650 gr).
80% andadúnn, 20% smáfiður.
100% bómullar áklæði.

15.920 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 19.900 kr.



### SATIN STRIPE DÚNSÆNG
Hlý og létt dúnsæng (650 gr).
90% hvítur andadúnn, 10% smáfiður.
Með vönduðu bómullarsatín áklæði.

22.900 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 29.900 kr.




### PURE SLEEP PREMIUM
Hlý og létt gæsadúnsæng (650 gr.)
100% hágæða gæsadúnn. Með vönduðu bómullarsatín áklæði.

39.900 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 49.900 kr.

### PURE & CARE OFNÆMISFRÍ DÚNSÆNG
Létt en sérlega hlý dúnsæng.
Stærð: 140 x 200 cm. Fylling: Hvítur moskusdúnn. Áklæði: Lífræn bómull
Þyngd: 750 g.

Lína af sængum og dúnkoddum sem framleidd er undir nýjustu og ströngustu skilyrðum Astma- og ofnæmissamtaka Danmerkur.

Astma-Allergi Forbundet

27.900 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 34.900 kr.

## SÆNGURFATNAÐUR FRÁ HEIMSÞEKKTUM FRAMLEIÐENDUM

JOOP! · elegante bed-linen fashion · yes · BOSS · Calvin Klein · KENZO




**25% AFSLÁTTUR JÓLATILBOÐ!**

### CALVIN KLEIN RÚMFÖT
Þú finnur ekki mýkri og þægilegri rúmföt. Koddaver + sængurver.

19.350 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 25.800 kr.

## LÚXUS BAÐSLOPPAR – TILVALIN JÓLAGJÖF

BOSS · Calvin Klein · KENZO









Verð frá: 16.990 kr

## TEMPUR-KODDAR
**FJÖLBREYTT ÚRVAL**




**20% AFSLÁTTUR JÓLATILBOÐ!**

NÝR KODDI FRÁ TEMPUR

### TEMPUR SIGNATURE
Nýr heilsukoddi frá Tempur®. Sígildur að lögun og millistífur. Veitir góðan stuðning í öllum svefnstellingum. Hentar vel þeim sem vilja geta hnoðast með koddann sinn, brotið hann saman eða faðmað.

12.720 kr. **JÓLATILBOÐ**

Fullt verð: 15.900 kr.

**FAXAFENI 5**
Reykjavík
588 8477

**DALSBRAUT 1**
Akureyri
588 1100

**SKEIÐI 1**
Ísafirði
456 4566

**OPNUNARTÍMI Í DESEMBER**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mán. 18. des. 10–18 | Fim. 21. des. 10–20 | Sun. 24. des. 10–13 | Fim. 28. des 10–18 |
| Þri. 19. des. 10–18 | Fös. 22 des. 10–20 | 25. og 26. LOKAÐ | Fös. 29. des. 10–18 |
| Mið. 20 des. 10–18 | Lau. 23. des. 10–22 | Mið. 27. des. 10–18 | Lau. 30. des. 11–17 |

Betra BAK








**Liðið á bakvið Amazing Race með nokkrar af Emmy-styttunum sem þátturinn hefur unnið. Þátturinn hefur farið til ógnar margra landa en ekki er vitað hvort hann þykir nógu menningarlegur annars staðar í heiminum.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Hollywood undrandi á nefnd um endurgreiðslu

Stóra endurgreiðslumálið vindur enn upp á sig því ein stærsta landkynning á nýju ári féll á menningarhlutanum. Skoraði ekki nógu mörg stig þrátt fyrir að milljónatugir manna muni upplifa íslenskan veruleika í einni vinsælustu raunveruleikaþáttaröð heims.

Þrítugasta þáttaröð af Amazing Race fer í loftið í Bandaríkjum þann þriðja janúar og mun ferðalagið hefjast hér á landi. On the Rocks Productions var bandaríska tökuliðinu innan handar en um 100 Íslendingar komu að tökunum sem stóðu í rúman sólarhring. Katrín Tanja, Hafþór Júlíus Björnsson, íslenska brennivínið, lýsi, íslenskir orðaleikir og margt fleira mun birtast þeim tugum milljóna sem horfa á hvern einasta þátt.

Pétur Sigurðsson hjá On the Rocks Productions sótti um endurgreiðslu á virðisaukaskattinum en eins og Kórar Íslands þótti efnið ekki nógu menningarlegt og féll á prófinu. Eins og komið hefur fram fengu japanska kakkalakkamyndin Terra Formars, bandaríska stórmyndin The Fate of the Furious og Biggest Loser endurgreiðslu og eru kvikmyndagerðarmenn undrandi á þriggja manna nefndinni sem tekur ákvarðanirnar. Undrunin nær alla leið til Hollywood. „Ég fékk bréf frá CBS-sjónvarpsstöðinni sem gerir Amazing Race og það er mikil óánægja með þessa ákvörðun og þetta er fljótt að spyrjast út í Hollywood þegar verkefni eru ekki að fá framgöngu. Þetta er í 30. skipti sem CBS gerir þáttaröðina og stöðin hefur aldrei lent í svona áður,“ segir Pétur.

Í þessi skipti sem þáttaröðin hefur verið framleidd hefur hún farið um flest öll lönd heimsins. „Okkur vantaði, líkt og Kóra Íslands, eitt stig í menningarhlutann. Samt fjallar þátturinn um íslenska menningu, kórar syngja undir, lýsi er drukkið, kraftakarlar lyfta lóðum og fleira og fleira.

Mér finnst skrýtið að öll þessi verkefni sem hafa fengið endurgreiðsluna eru sum með enga tengingu við Ísland eða evrópska menningu,“ bætir hann við en í skilyrðum um endurgreiðslu samkvæmt reglugerð er að viðkomandi framleiðsla sé til þess fallin meðal annars að koma íslenskri menningu á framfæri.

Hann segir að þegar Amazing Race kom til Íslands árið 2004 hafi þátturinn fengið endurgreiðsluna. Eina sem hafi breyst í millitíðinni er að nefndin fór úr iðnaðarráðuneytinu og yfir til Kvikmyndasjóðs. Við þá breytingu hafi margir kvikmyndagerðarmenn verið hræddir. „Það loðir við sjóðinn klíkuskapur og spilling. Eftir að þetta fór niður í Kvikmyndasjóð þá virðist þetta vera voðalega skrýtið hvernig öllu er hagað þarna.“

Pétur er búinn að kæra niðurstöðuna og bíður eftir lokaniðurstöðu frá iðnarráðuneytinu. „Ef það á að þrífast kvikmyndabransi hér á Íslandi þá á hann ekki að vera háður nefnd sem ræður hvaða verkefni fábrautargengi og hver ekki. Það mun drepa allan bransa að hafa nefnd sem hyglar sínum vinum.“

**benediktboas@365.is**



**Phil Keoghan kynnir Amazing Race.**

## AMAZING RACE

- Hefst 3. janúar í 30. skipti.
- Sigurliðið hlýtur milljón dollara.
- Rúmlega 10 milljónir horfa á hverja þáttaröð.
- Þættirnir hafa unnið 15 Emmy-verðlaun og verið tilnefndir 74 sinnum.

**ÞAÐ LOÐIR VIÐ SJÓÐINN KLÍKUSKAPUR OG SPILLING.**

Pétur Sigurðsson, framleiðandi On the Rocks



**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


KFC
HOT WINGS™
DUO
IT'S FINGER LICKIN' GOOD
HOT WINGS™
DUO
pepsi
Brak
2.499 kr.
12 HOT WINGS™, 2 GOSGLÖS,
MIÐSTÆRÐ AF FRÖNSKUM OG GÓU BRAK

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR


Jóns Sigurðar Eyjólfssonar




## Samglaðst með pólitíkusum

Mér finnst ágætt að sjá ný andlit í pólitíkinni en ég finn til mun meiri fögnuðar þegar ég get samglaðst fólki sem er að hætta á þeim vettvangi. Á þessu er þó ein undantekning. Það var þegar Björk Vilhelmsdóttir yfirgaf borgarpólitíkina. Fann ég til mikilis léttis fyrir hennar hönd þar til hún sagði frá þeim áætlunum sínum að ætla að tína ólífur í Palestínu.

Þá vinnu þekki ég alltof vel. Fékk ég að spreyta mig á öllum vígstöðvum við skelfilegan orðstír. Fyrst var ég látinn halda á víbrator, sem er alls ólíkur þeim sem var aðhlátursefni okkar strákanna á níunda áratugnum, en þetta er maskína með langan arm sem ég átti að krækja utan um grein á ólífutrénu. Við hlið mér stóðu síðan tíu besservisserar sem allir höfðu sterka skoðun á því hvaða grein ég ætti að krækja í, þannig að þetta er kannski ekki svo ólíkt því að sitja í borgarstjórn. Höndlaði ég víbrator þennan svo illa að ég sjálfur hristist meira en trjágreinin.

Þá fékk ég að munda stöng en mér var uppálagt að lemja henni í greinarnar eftir því sem besservisserarnir sögðu til. Var ég nánast kominn úr axlarlið eftir korter og farinn að ákalla mömmu eftir klukkutíma. Hef ég síðan ekki getað horft á stangarstökk. Mitt þriðja hlutverk var að hlaupa með net undir trén og breiða úr þeim á freðna jörð sem síðan var orðin að drullusvaði um hádegisbil. Önnur eins leiðindi finnast örugglega ekki í velferðarráði.

En hvað sem því líður þá óska ég nýjum þingmönnum til hamingju með starfið og lofa að samgleðjast þeim þegar þeir hætta svo lengi sem þeir láta alla ólífutínslu lönd og leið.








